

HIÐ LJÚFA LÍF

Söngleikur í tveimur þáttum

eftir

Benóný Ægisson

PERSÓNUR:*Aldur persóna í svigum***STAFFIÐ****ÓLÖF (40)**

eigandi skemmtistaðarins Nátthrafninn

VEIGA BJÖRG (60)

kjallaravörður, uppvaskari, kokkur

LOLLA (21)

þjónusta

GEDDI - GRETTIR (40)

þjónn

HLJÓMSVEITIN**SVENNI (45)**

píanóleikari

KETILL (45)

gítarleikari

HALLI (45)

bassaleikari

ÖMMI (35)

trommari

MARÍA (20)

ung söngkona

GESTIR OG GANGANDI**SKÖMBÓ / SKAMMKELL (30)**

smákrimmi og bísi

HARPA DÍS (16)

fylgikona hans, systir Lollu

GÓGÓ (60)

miðaldra meðferðardæmi

JÖKULL (20)

piltur utan af landi

EYVINDUR (35)

sjómaður

HALLA (35)

konan hans

GARPUR / INDRÍÐI (30)

rannsóknarlögreglumaður / túristi í slömminu

YRSA BJÖRG / SIGRÍÐUR (30)

rannsóknarlögreglumaður / túristi í slömminu

Karlhlutverk: **10**. Kvenhlutverk: **9**. Samtals **19** hlutverk / **17** leikarar/hljóðfæraleikarar

1. ÞÁTTUR

Sviðið er skemmtistaður. Einhvern tíma hefur hann haft klassa en er nú í niðurníðslu. Salurinn fyllir stærsta hluta sviðsins, í honum er bar og geta 3-4 setið við hann á upphækkuðum stólum. Spilakassi nálægt barnum. Borð þurfa að vera minnsta kosti þrjú í salnum. Lítið svið er fyrir hljómsveit og dansgólf fyrir framan það. Dyr inn á salerni. Eldhús með borðkrók fyrir starfsfólk. Dyr eru inn í býtibúr og bakdyr.

Hálfrökkur er á staðnum; hann er einungis lýstur upp með flóttaljósum. Í eldhúsinu er barnavagn. Eftir litla stund fer barnið í vagninum að gráta.

VEIGA BJÖRG kemur inn og kveikir ljós. Hlustar og skimar í kringum sig. Hún gengur í gegnum salinn inn í eldhúsið. Sér barnavagninn og gægist ofan í hann.

VEIGA BJÖRG

Jesús minn góður! (*kallar*) Lolla! Lolla! Angaskinnið! (*með barnslegri gælurödd*) Hvað ert þú að gera hérna litli maður? Hvar er mamma? Og svona rennandi blautur. (*gramsar í vagninum. Talar eðlilega*) Er hún ekki með neinar bleyjur stelpurassgatið? (*finnur bleyju. Gælurödd*) Dona, dona, litli maður, þetta er betra. (*hún skiptir á barninu í vagninum. Ruggar síðan vagninum þar til barnið hættir að gráta. Syngur*)

Sofðu vinur, sofðu rótt
- sælu draumar gefa
Nú er komin niðdimm nótt
- nógu kemur dagur fljótt -
og nýjar sorgir að sefa

VEIGA BJÖRG fer úr kápu og hengir hana upp. Tekur síðan til hendinni, hellir upp á könnuna, tekur til og undirbýr sig fyrir daginn. LOLLA kemur inn, gengur í gegnum salinn inn í eldhúsið.

LOLLA

Ó! Ertu komin?

VEIGA BJÖRG

Hvað á þessi uppákoma að fyrirstilla?

LOLLA

Uppákoma?

VEIGA BJÖRG

Skilja barnið aleitt eftir hérna!

LOLLA

Æi! Ekki skamma mig. Ég klikkast ef ég verð skömmuð meira í dag. Ég fékk alveg fyrirlestur á Féló um hvað ég væri mikill aumingi og vond móðir. Þetta lið þykist eiga mann fyrir þennan skítapening sem það lætur mann fá. Guð, ef þeir kæmust að því að ég er að vinna hérna..

VEIGA BJÖRG

Hvað varstu að þvælast.

LOLLA

Ég fór bara í ljós. (*í varnarstöðu*) Ég er búin að borga þessa tíma og ég ætla að nota þá.

VEIGA BJÖRG

Sko! Lolla mín! Þú ert komin með lítið barn. Þú getur ekki endalaust haldið áfram að haga þér eins og eitthvert stelpuþrippi.

LOLLA

Vilt þú ekki bara segja það líka.

VEIGA BJÖRG

Segja hvað?

LOLLA

Að ég sé óhæf móðir.

VEIGA BJÖRG

Ég er ekkert að segja það. Ég.. Þú.. (*þögn*) Ertu búin að redda pössun í kvöld?

LOLLA

Já, já. Ég redda því.

VEIGA BJÖRG

Þú þarft að drífa þig ef þú ætlar ekki að mæta of seint.

ÓLÖF kemur inn. Hún heldur á einhverju lítilræði en á eftir henni kemur SKÖMBÓ með þungan kassa. Þau ganga í gegnum salinn í átt til eldhússssins.

ÓLÖF á leiðinni

Það er ekkert gagn í henni! Ekkert! Hún gerir aldrei það sem maður segir henni að gera.

SKÖMBÓ

Lolla greyið! Henni er vorkunn. Lömuð frá hálsi og uppúr.

VEIGA BJÖRG

Guð minn góður! Óla er komin. Hún tjúllast ef hún sér barnið hérna.

VEIGA BJÖRG ýtir LOLLU og barnavagninum út um bakdyr.

ÓLÖF

Þú kannt að velja þær. Tómir hálfvitar.

SKÖMBÓ með hálfkæringi

Þú veist að þær eru bara millibilsástand. Það ert bara þú sem ég þrái. *(leggur frá sér kassann á eldhúsborðið)*

ÓLÖF

Láttu þig dreyma! *(kallar)* Veiga! Veiga Björg! Hvar er kerlingarandskotinn?

SKÖMBÓ

Hvar náðirðu í lekann?

ÓLÖF

Það kemur þér ekki við.

SKÖMBÓ

En hvað gefurðu fyrir hann? Þú hlýtur að geta sagt mér það.

ÓLÖF

Þúsundkall á lítrann.

SKÖMBÓ

Þú manst hverju þú varst búin að lofa.

SKÖMBÓ fer út. ÓLÖF tekur fram spegil og leggur á borðið. Hún tekur lítið bréf upp úr vasanum, hellir úr því á spegilinn og byrjar að saxa efnið með kreditkorti. Á meðan hún er að þessu ber SKÖMBÓ inn kassa.

ÓLÖF

Ekki orð um þetta. Ekki orð.

SKÖMBÓ

Hvað er þetta manneskja. Heldurðu að ég sé einhver skvíler? *(þögn)* Ég held kjafti. Ég meina, hver ætti að fara að pæla í þessu? Það finnur enginn mun þegar búíð er að drekkja þessu í gosi.

ÓLÖF rúllar upp peningaseðli og fær sér í nös. Réttir SKÖMBÓ seðilinn og hann fær sér líka. Meðan þau eru að nasa sig kemur VEIGA BJÖRG út um bítibúrsdyrnar. Stendur með krosslagða arma og horfir á þau.

ÓLÖF

Það er aldrei of varlega farið.

SKÖMBÓ

Djöfull þurfti ég á þessu að halda. *(þögn)* Maður er hálfblankur, er séns á smáláni núna?

ÓLÖF

Ekki smuga. *(þögn)* Guð, ég vona að það seljist eitthvað í kvöld. *(sér Veigu Björg og bregður)* Ert þú orðin alveg heyrnarlaus manneskja? Maður æpir sig hásan og svo

læðistu að manni eins og einhver draugur. Og með einhvern andskotans svip. Ég þoli það ekki þegar fólk er með svip.

VEIGU BJÖRG sárnar en svarar engu.

SKÖMBÓ

Ég verð að redda mér einhverjum pening. Geturðu skutlað mér á Nýlendugötuna?

ÓLÖF

Ég hef varla tíma til þess. (*þögn*) Heldurðu að þeir eigi eitthvað?

SKÖMBÓ

Ég er að vona það.

ÓLÖF

Jæja! Drífum okkur þá.

MARÍA, SVENNI, KETILL, ÖMMI og HALLI koma inn með trommusett og aðrar græjur. Þau leggja það frá sér á sviðið og líta í kringum sig.

ÓLÖF *fer fram í salinn*

Svo þið eruð komnir?

SVENNI

Hér erum við og getum ekki annað.

ÓLÖF

Það er ekki til setunnar boðið. (*fer inn í eldhús*) Er Lolla ekki komin?

VEIGA BJÖRG

Nei.

ÓLÖF

Hún er alltaf of sein. (*þögn*) Hefurðu séð hvernig er hérna fyrir utan? Ég vil það sé sópað fyrir framan strax eftir vaktina. Þar er allt vaðandi í sígarettustubbum og ógeði.

VEIGA BJÖRG

Krakkinn er alltaf veikur og henni gengur svo illa að fá pössun.

ÓLÖF

Ég skil ekki hversvegna ég leyfi henni að vera.

VEIGA BJÖRG

Æ, þetta er svoddan aumingi.

ÓLÖF

Nú er það búið. Ef hún klikkar einusinni enn þá rek ég hana.

VEIGA BJÖRG

Viltu ekki bara reka mig líka? Viltu ekki bara reka alla og sjá um allt sjálf?

ÓLÖF

Heyrðu Veiga! Á maður að vera endalaust á tissjúinu fyrir þetta lið? Ég er að reyna að reka fyrirtæki hérna. Ég er engin andskotans félagsmálastofnun. (*þögn*) Þú skalt þá bara sjá um að hún vinni sín verk.

VEIGA BJÖRG

Skipað gæti ég væri mér hlýtt.

ÓLÖF

Hún á að sópa fyrir framan. Það er partur af hennar þrifum. Ef þú sérð ekki um að hún geri það þá verð ég að láta hana fara.

VEIGA BJÖRG

Fíflinu skal á foraðið etja.

ÓLÖF

Heyrðu ég þarf aðeins að skreppa.

ÓLÖF og SKÖMBÓ fara.

SVENNI

Nátthrafninn! Hvílík klassabúlla! Með upprunalega rykinu og fornri stybbu af asna.

ÖMMI

Hér er farið með sáþuna eins og helga dóma.

SVENNI

Af hverju fær maður sér ekki almennilega vinnu? Ha? Spila dinner á einhverjum ressanum? Reglulegar máltíðir og píanó sem stæði undir glasi og öskubakka.

ÖMMI

Bara dúndrandi stéttarvitund.

SVENNI

Einmitt! Pottþéttur launaflokkur með lífeyrisréttindum og lögboðnum kaffipásam? Aðgangur að sumarbústað starfsmannafélagsins og endurmenntun?

ÖMMI

Drífum í þessu.

SVENNI sest við píanóið og byrjar að spila. Hinir hljóðfæraleikararnir taka smám saman undir.

SVENNI

Þegar ég spilaði hérna síðast hét þetta Steikhús Steinsens. Steinsen var eitilharður nagli. Hann borgaði aldrei og maður þurfti að taka kaupíð út í búsi á barnum. Svo

keypti hann smyglaðan spíra og þynnti út með vatni svo hann græddi tvöfalt eða þrefalt á manni. (*syngur*)

Eins og lítil fluga ég leit í kertaljós
líkt og taminn api ég trekki spiladós
eins og klár sem skilar sér í kvalara síns hús
kem ég aftur hingað til að syngja enn einn blús

HALLI

Liðlangan daginn
á leigubíl
ek ég um bæinn
með alskyns skríl
En er skyggja tekur
ég skipti um stíl
stuðgalla klæðist
sting af vol og víl

ÖMMI

Konun' og börnin
keikur ég kveð
trommukjuðum og hæhat
í tösku mína treð
að komast út að spila
gleður mitt geð
bar' að fé og frami
fylgdu líka með

KETILL

Kaupið ofan striksins
undir því hitt
úttekt á barnum
allt saman stytt
Upp skal gera dæmið
allir þurfa sitt
ef ég skulda ennþá
uppvaskið er mitt

SVENNI

Eigum við afgang
ákaft mér sný
að því að rukk'inn kaupið
það reynist þungt sem blý
er ég mæt' á staðinn
ég kemst að því
kráin er til sölu
og kennitalan ný

GEDDI kemur inn

SVENNI *hættir að spila*

Nei Geddi! Blessaður!

GEDDI

Nei ju! Svenni! Ketill og Halli! Sælar stelpur! Fær maður eiginhandararitun eða eruð þið orðnir of slæmir af gigtinni til að skrifa á handleggi? Svo þið eruð Stuðpúðarnir.

SVENNI

Alltaf í bransanum. Eldri og reyndari og allt það. Nú er maður kominn í krærnar.

GEDDI *raular*

Allir eru að gera það gott nema ég..

SVENNI

(Við Ömma og Maríu) Geddi hérna, var ródari í Brimbroti. Maðurinn er lifandi goðsögn. Það var sama hvað það var, lóða bilaða snúru eða sjá um að það væri nóg af búsi og smápíkum, Geddi reddaði öllu. Svo hætti hann í bransanum og fór í þjóninn.

GEDDI *byrjar að undirbúa barinn*

Dópið og dömurnar freistuðu mín ekki lengur. Það eina sem ég hafði uppúr þessu basli var bakverkur af burðinum og blindfullar smástelpur. Þær sem náðu sér ekki í gítarleikara. Eða gítarleikararnir voru orðnir of fullir til að meika það. Þá lögðust þær undir ródara til að gera eitthvað. Þær gátu ekki einu sinni haldið sér vakandi meðan maður lauk sér af. Það kom að því að ég nennti ekki lengur að riðlast á þessum greyjum rænulausum.

SVENNI

Nú? Var það þessvegna? Ég heyrði að þú hafir komið út úr skápnum.

GEDDI

Það líka.

LOLLA kemur æðandi inn og kastar kveðju á þau sem eru í salnum. Fer inn í eldhúsið. Skiptir um föt.

VEIGA BJÖRG

Þú ert bara komin.

LOLLA

Ég var að reyna að redda einhverri pössun.

VEIGA BJÖRG

Ólöf var ekki velhress yfir mætingunni hjá þér. Ég hef ekki séð hana svona síðan hún rak hana Heiðu.

LOLLA

Sjitt! Var hún svona brjáluð? Strákurinn grét svo mikið að ég ætlaði aldrei að komast út. Hann er ekki búinn að jafna sig. Hann varð þvítíkt veikur í gær að ég varð að fá lækni.

VEIGA BJÖRG

Hver er að passa fyrir þig?

LOLLA

Harpa systir. En hún getur bara verið til tíu þá verð ég að redda einhverjum öðrum.

VEIGA BJÖRG

Hvað með föðurómyndina? Af hverju læturðu hann ekki passa?

LOLLA

Hann Skömbó! Hann fengist ekki til þess þó það ætti að drepa hann. Ég veit heldur ekki hvort ég myndi treysta honum fyrir barninu.

VEIGA BJÖRG

Grísir gjalda en gömul svín valda.

LOLLA

Æ, góða!

SVENNI

Hvar fær maður kaffi hérna?

GEDDI

Farðu inn í eldhús til Veigu Bjargar.

SVENNI

Komum í kaffi.

Þau fara inn í eldhúsið. SKÖMBÓ kemur inn.

SKÖMBÓ

Láttu mig fá bjór og snafs.

GEDDI

Þunnur?

SKÖMBÓ

Búinn að redda því. Þú veist hvernig það er með timburmennina..

GEDDI

.. það er verst fyrst og svo smávertnar það. Átta hundruð.

SKÖMBÓ

Settu það á reikninginn minn.

GEDDI

Þú ert ekki í reikningi hérna lengur. Það er búið að loka honum.

SKÖMBÓ

Loka reikningnum? Hvað ertu að meina maður?

GEDDI

Ólöf lokaði honum.

SKÖMBÓ

Ólöf? Hvað er að henni? (*þögn*) Ég skal sjá um Ólöfu. Láttu mig bara fá bjórin.

GEDDI

Átta hundruð kall!

SKÖMBÓ

Djöfuls hommatittur! (*hann ténir saman peninga í klinki*). Hana! Hirtu þetta.

GEDDI

Það var maður að spyrja um þig í gær.

SKÖMBÓ

Lögga?

GEDDI

Nei. Góðkunningi lögreglunnar. Bói glæpur.

SKÖMBÓ

Bói? Hvað vildi hann?

GEDDI

Hann virtist standa í þeirri meiningu að þú skuldaðir honum peninga. Hann bað mig að skila til þín að það samræmdist ekki hugmyndafræði hans að fólk skuldi honum peninga.

SKÖMBÓ

Kommon! Bói kann ekki svona löng orð. Hugmyndafræði!

GEDDI

Hann var eitthvað að tala um að senda þér kveðju í Óskalögum sjúklinga.

SKÖMBÓ

Djöfullinn! (*þögn*) Ég var búinn að segja honum að ég myndi redda þessu.

GEDDI

Bói er ekki sérlega trúgjarn maður. Það er öll þessi höfnun, skilurðu, atferlisfræðin urðu honum fjötur um fót.

SKÖMBÓ

Æ haltu kjafti!

LOLLA fer fram. Lætur eins og hún sjái ekki SKÖMBÓ.

LOLLA

Vantar eitthvað?

GEDDI kíkir í hillur og skápa á barnum

Vodka. Viskíð er ókei. Gin, mig vantar gin. Og tónik. Hlýtur að vera komið í tísku aftur. Ekki skil ég hversvegna. Það er eins og rakspíri á bragðið.

SKÖMBÓ

Þar talar maður með reynslu.

LOLLA

He he he.

SKÖMBÓ

Hvað er að þér. Einhver fyrirtíðarspenna ha? Eitthvað kjallaravandamál.

LOLLA

Ekki síðan ég losnaði við þig.

SKÖMBÓ

Já er ekki bara allt tíðindalaust á þeim vígstöðvum? Er hún ekki bara að gróa saman á þér. Maður ætti kannski að líta til þín.

LOLLA

Þú skalt ekki halda að ég hleypi þér inn frammar.

SKÖMBÓ

Hver djöfullinn er eiginlega að þér?

LOLLA

Ekkert. Ég vil bara fá að vera í friði

SKÖMBÓ grípur um handlegg LOLLU og hún bregst við eins og hún búist við því að verða barinn.

SKÖMBÓ

Ekkert kjaftæði við mig. Ég kem þegar mér sýnist. Skilurðu það?

GEDDI grípur í þann handlegg sem SKÖMBÓ hefur lausan og snýr hann niður á barborðið. SKÖMBÓ rekur upp sársaukavein.

GEDDI

Á mínum bar sýnum við kurteisi.

SKÖMBÓ

Slepptu mér. Þú brýtur á mér handlegginn.

GEDDI

Ég brýt fleira ef þörf er á. Reyndu að koma því inn í hausinn á þér.

LOLLA fer inn í eldhúsið og GEDDI sleppir SKÖMBÓ.

LOLLA

Veiga, Gedda vantar vodka, gin og tonik.

VEIGA fer inn í býtibúrið.

SVENNI

Gin og tóník! Einu sinni var Brimbrotið að spila á einhverju krummaskuði, algjör Tóbínhöfði maður, þú veist, ein gata, ein sjoppa og togarinn úti. Við vorum búnir að vera að spila í mánuð og allir orðnir vínlausir. Ekkert ríki og enginn hafði haft rænu á póströfudæminu. Ókei, við komumst að því að bakarinn bruggar og við í hann. Hann lætur okkur fá eitthvað glundur sem bragðaðist eins og gin. Þetta var hundvondur andskoti og ómögulegt að þræla honum í sig svo enginn drakk nema Jói Sigurjóns og svo strákskratti sem hékk aftan í okkur. Og hvað haldiði. Daginn eftir er strákurinn orðinn steinblindur en Jói kenndi sér einskis meins.

HALLI

Rosalegt fífl hann Jói - hélt ekki bíti þetta helvíti. Fer honum vel að vera dauður.

Stolt SKÖMBÓS er sært. GEDDI hellir snafsi í glas og færir honum.

GEDDI

Hérna. Skelltu þessu í þig.

SKÖMBÓ

Æ, haltu kjafti.

GEDDI

Hvað? Er karlmenskustoltið sært?

SKÖMBÓ

Djöfullinn að maður eigi séns þegar það er ráðist á mann óviðbúinn.

GEDDI

Skjóta fyrst, spyrja svo. Það er mitt mottó. (*þögn*) Segðu mér eitt Skömbó! Hvað er langt síðan þú hefur séð dagsbirtu?

SKÖMBÓ

Hvern djöfulinn ertu að meina maður.

GEDDI

Þú veist! Sólin! Blár himinn! Blómin og býflugurnar! Fuglarnir að tryllast í trjánum!
Ærandi djöfulsins dirrindí!

SKÖMBÓ hellir í sig snafsinum og ansar engri vitleysu. Hann tekur upp Gsm-síma og leggur á borðið.

SKÖMBÓ

Heyrðu Geddi. Vantar þig ekki gemsa?

GEDDI

Er það gott fyrir sénsinn?

SKÖMBÓ

Þú getur hringt í símatorgið.

GEDDI

Ég fíla ekki símasex. Það er ekki nógu sársaukafullt.

GÓGÓ kemur inn

Þetta vanalega. Óskaplega er ég þyrst. Eins og ég drakk mikið í gær. Ha ha ha.

SVENNI

Það var ekki til graðari andskoti en Jói. Það var alveg ótrúlegt hvað hann lét sig hafa. Ég varð einusinni vitni að því að hann tók í þrjá ætliði. Það var á einhverjum stað þar sem allir voru undarlegir af því að menn höfðu getið börn með dætrum sínum frá því fyrir landnám. Ókei. Við förum í partí með einhverri kellingu og Jói var snöggur að deilda henni. Kellingin drepst og Jói neglir dóttur hennar. Svo hverfur Jói í langan tíma og við förum að leita að honum. Og viti menn, þá er gæinn að riðlast á ömmunni.

HALLI

Ekkert sem hafði gat var óhult fyrir honum.

GEDDI

Hvernig hefur þú það Gógó mín.

GÓGÓ

Hörmulega þakka þér fyrir. Hvernig heldurðu að maður hafi það nema skítt kominn á minn aldur. Maður hefur engan séns í þessa ungu og kallarnir á mínum aldri, biddu fyrir þér, það er ekkert eftir af þeim. Ég hitti tvo í hádeginu niðrá Tryggingastofnun og við fórum saman í ríkið og sóttum nokkrar kollur. Ég varð að skilja þá eftir heima, ég gat ómögulega vakið þá. Heldurðu að það sé ástand á manni, sokkin niður í Íslendingana. Bara að maður fyndi almennilegan kallmann.

GEDDI

Þeir dóu út með Gunnari á Hlíðarenda og Humprey Bogart. Ég held að gæjar sem þú getur ekki drukkið undir borðið séu vandfundnir.

GÓGÓ

Þvílíkt skítalíf!

ÓLÖF kemur inn.

ÓLÖF

Gógó! Þú ert bara mætt.

GÓGÓ

Maður lætur sig ekki vanta. Ekki vil ég að þú farir á hausinn góða mín, þá þyrfti ég að finna nýjan stað. Æ, maður verður eitthvað svo íhaldssamur með aldrinum.

ÓLÖF

Alltaf jafn sæt í þér elskan. (*gengur til SKÖMBÓS. Hvíslar*) Náðirðu í eitthvað?

SKÖMBÓ

Það var ekkert til. En ég veit um annan stað.

ÓLÖF

Reddaðu mér einu stykki.

SKÖMBÓ

Ókei! Pening!

ÓLÖF

Þú getur lagt út fyrir því. Nóg skuldarðu mér.

SKÖMBÓ

Ég á ekki sent. Þú veist það vel. Svo ertu búin að loka reikningnum mínum.

ÓLÖF lætur SKÖMBÓ fá peninga.

ÓLÖF

Ef þú værir maður myndirðu borga skuldir þínar (*fer inn í eldhúsið*).

SVENNI

Jói var magnaður.

LOLLA

Hvernig dó hann?

SVENNI

Við vorum á túr norður í landi og hann meig á háspennuvír. Það varð að aflýsa ballinu. Við hlógum svo mikið að við gátum ekki spilað.

LOLLA

Hlóguð?

SVENNI

Við vorum búnir að éta sveppi. Það var svo æðislega fyndið hvernig hann rykkist til og hlandið sprautaðist í allar áttir.

LOLLA

Oj bara!

ÓLÖF *við Lollu*

Það er mikið að þér þóknast að láta sjá þig.

LOLLA

Ja ég...

ÓLÖF

Já, ég vil ekki heyra neitt kjaftæði. Ég er búin að fá nóg af þínum útskýringum og afsökunum. Var ég ekki búin að segja að þú ættir að sópa fyrir framan eftir vaktina?

LOLLA

Jú. Ég varð bara að flýta mér heim. Barnapían...

ÓLÖF

Þegar ég kaupi eitthvað þá vil ég fá eitthvað fyrir peningana. Og ég vil, andskotinn hafi það, að fólk taki puttana út úr rassgatinu í vinnutímanum. (*snýr sér að hljómsveit*) Það gildir það sama fyrir ykkur. Ykkur er borgað fyrir að spila er það ekki?

SVENNI

Ætli það ekki.

ÓLÖF

Spiliði þá!

HLJÓMSVEITIN tínist fram í salinn. MARÍA fer síðust út. LOLLA er hrædd og óörugg.

ÓLÖF *við Lollu*

Einn séns enn! Einn séns enn! Ef þú klikkar einusinni enn þá verður þú rekin.

ÓLÖF fer fram í salinn.

LOLLA

Þessi helvítis belja. Ég gæti drepið hana.

KETILL og MARÍA *syngja*

Ertu bugaður, beygður af sú
og basli og allt er í hnút?
Ertu rislágur - launin þín slæm
lítið fiskerí - aflabrögð dræm?
En er hamingjan hálaunakjör? (Nei)
Eða hlátur og dúndrandi fjör? (Já)

Ég vil gefa þér ráð gamli minn
sem gagnast þér komirðu inn:
Látt ekki brauðstritið buga þig
og blúsinn ríða þér á slig
Skildu harminn þinn eftir heima
hér er gott að gleyma

GARPUR og YRSA BJÖRG koma inn. SKÖMBÓ ókyrrist.

KETILL og MARÍA *syngja*

Fáð'ér kollu og kneifaðu hress
kátir þjórum vorn bjór - ekkert stress
burtu rekum við sorgir og sút
sárum leiðindum köstum við út
Harmurinn á ekki heima hér (Nei)
og hér er gott að gleyma sér (Já)

GARPUR

Jæja Grettir. Er eitthvað verið að taka inn að aftan?

GEDDI

Þú veist hvernig þetta er Garpur minn. Þegar þeir standa þarna með tókallinn í annari hendi og tittlinginn í hinni þá getur maður ekki sagt nei við þessi grey.

ÓLÖF *við Garp og Yrsu Björg*

Hvern andskotann viljið þið?

GARPUR

Bara að athuga hvort fólk haldi sig á hinum þrönga vegi dyggðarinnar. Ha? Ekki satt Yrsa Björg? Yrsa Björg veit allt um hinn þrönga veg dyggðarinnar, hún er í guðfræði.

ÓLÖF

Hér er allt í lagi. Ég hef ekki lent í neinum málum síðan Bói seldi mér sígarettur og ég hafði ekki hugmynd um að þær voru stolnar.

GARPUR

Sko! Ef samviskan er góð þá þarf enginn að hafa áhyggjur. Ekki satt Yrsa Björg?

YRSA BJÖRG

Ætli það ekki.

GARPUR

Aldrei viltu ræða við mig um guðfræði. Ef ég vissi ekki hvað þið þarna í kvennaguðfræðinni eruð frjálslyndar og víðsýnar þá hvarflaði að mér að þú værir haldin menntahroka. Ha? Af því ég hef bara grunnskólann. Já og auðvitað lögregluskólann.

GÓGÓ

Það þarf ekkert venjulegt idjót til að falla í honum.

GARPUR *bendir á Gógó*

Sjáðu Yrsa. Hér höfum við biblíudæmi ef ég man rétt úr sunnudagaskólanum. Bersynduga konan! Það þjóðerni eða þjóðarbrot sem hún hefur ekki gert rúmfræðilegar tilraunir á er ekki til. Að kalla hana kanamellu væri mjög villandi ef ætti að lýsa þeim fjölþjóðasamskiptum sem hún hefur sinnt síðastliðna áratugi.

GÓGÓ

Hefurðu ekkert fengið það nýlega vinur?

ÓLÖF

Þú átt ekkert með að vera að abbast uppá gestina mína.

YRSA BJÖRG

Slappaðu nú af Garpur.

GARPUR

Ekkert kjaftæði hér! Hingað, á þennan stað sem heilbrigðiseftirlitið hefði átt að loka fyrir löngu koma bara meindýr og skítseyði og skítseyðin eru mín af því ég er með tittlinginn á þeim í vasanum eins og Lyndon B. Johnson Bandaríkjaforseti sagði. Sjáðu nú þetta skínandi dæmi hérna: Skammkell Sigtryggsson, öðru nafni Skömbó. Sakaskráin hans er svo löng að ómenntaðir menn eins og ég eiga í vandræðum með að stauta sig fram úr henni. Ha? Það þarf félagsfræðimenntun til að skilja svona menn.

YRSA BJÖRG

Eigum við ekki að leita á honum og drífa okkur svo.

SKÖMBÓ

Þið hafið engan rétt til að leita á mér.

GARPUR

Við þurfum ekki rétt í samskiptum við skítseyði.

YRSA BJÖRG

Tæmdu vasana.

SKÖMBÓ byrjar að tína upp úr vösunum. MARÍA fer inn í eldhúsið.

MARÍA

Hún var alveg brjáluð áðan. Eigandinn.

LOLLA

Hún er alltaf að böggja mig. Það er sama hvað ég reyni. Ekkert er nógu gott fyrir hana. (*þögn*) Ég má ekki við því að missa þessa vinnu.

MARÍA

Heldurðu að hún reki þig?

LOLLA

Hún er gjörsamlega óútreiknanleg. Stundum ætlar hún alveg að éta mann og stundum er hún alveg brjáluð.

GEDDI kemur inn í eldhúsið.

GEDDI

Það er greinilegt að Ólöf hefur verið hér. Hér lyktar af köldum svita og ótta. Hvar eru flöskurnar?

LOLLA

Ég er að koma með þær. Hvaða djöfuls læti eru þetta, maður?

GEDDI

Slappaðu af Lolla mín! Ég þarf að fá ginið. Gógó drekkur með báðum höndum í kvöld.

LOLLA

Er eitthvað um að vera þarna frammi?

GEDDI

Ekkert sérstakt. Bara löggan í sinni venjulegu kurteisisheimsókn. (*fer aftur inn í salinn*)

LOLLA

Ég hef ekkert sofið undanfarnar nætur því strákurinn minn grætur svo mikið. Hann grætur og grætur og maður veit ekki einusinni hvað er að og maður getur ekkert sagt því hann skilur ekki neitt. Stundum langar mig mest til að .. (*þagnar. Tekur sig saman í andlitinu*) Jæja. Hvað er ég að væla utan í þér?

MARÍA

Það er allt í lagi

Vandræðaleg þögn. VEIGA BJÖRG kemur út úr bítibúrinu með flöskur.

LOLLA

Best að fara að gera eitthvað. Áður en frúin kemur aftur og ákveður að reka mig.

VEIGA BJÖRG

Þú mátt ekki gefa henni færi á þér.

LOLLA

Það hafa nú allir skotleyfi á mig. (*tekur flöskurnar og fer með þær fram í salinn*)

YRSA BJÖRG

Hann er ekki með neitt.

GARPUR

Nú? Er hart í ári hjá smáfuglunum?

YRSA BJÖRG *við Skömbó*

Hvar er Harpa Dís?

SKÖMBÓ

Það veit ég ekkert um.

YRSA BJÖRG

Ég veit vel að hún er að dandalast með þér. Mér finnst þú ekki góður félagsskapur fyrir ungar stúlkur. En við náum þér einn góðan veðurdag, engin hætta á öðru.

YRSA BJÖRG *syngur*

Æskuna skortir hér aga
elst upp við leti og slór
án tillits til landsins laga
þau lepja hinn áfenga bjór

YRSA BJÖRG og GARPUR *syngja*

Einn bjór kallar á annan
á eiturlyf, kynsvall og dans
best væri aftur að bann'ann
og bjarga svo æsku vors lands

GARPUR *syngur*

Kynvill'og kossa skal banna
kórsöng og hundahald
Við þurfum heim svo að hanna
að höfum við alræðisvald

YRSA BJÖRG og GARPUR *syngja*

Allt verður ánægj'og gaman
upp rís heimur fagur og nýr
sterk við smölum þeim saman
sláum um þau gaddavír

GARPUR

Við neglum ykkur síðar!

YRSA BJÖRG og GARPUR *fara.*

ÓLÖF

Aldrei friður fyrir fjandans hettumávonum. Jæja Skömbó. Farðu nú að koma þér.

SKÖMBÓ

Ertu vitlaus? Ekki strax. Þau gætu verið hérna fyrir utan.

ÓLÖF

Þau eru farin. Ef þú ert eitthvað smeykur skal ég koma með og halda í hendina á þér.

SKÖMBÓ

Ókei. Þú getur keyrt mig.

ÓLÖF

Það er kannski öruggara. Annars hverfur þetta upp í ranann á þér.

ÓLÖF gengur til dyra. LOLLA stöðvar SKÖMBÓ

LOLLA

Veistu hvað Harpa Dís er að fara að gera á eftir?

SKÖMBÓ

Hún ætlar að hitta mig hérna.

LOLLA

Og hvað?

SKÖMBÓ

Og ekkert. Bara hitta mig.

LOLLA

Er það þessvegna sem hún getur ekki passað. Djöfuls tussa getur hún verið!

SKÖMBÓ

Vertu ekki með þessi leiðindi.

LOLLA

Þetta er líka þitt barn.

SKÖMBÓ

Ekki það ég um það. Það varst þú sem ákvaðst að eiga það.

SKÖMBÓ fer á eftir Ólöfu.

GÓGÓ

Það er sök sér að eiga þessi kvikindi en ekki skil ég hversvegna fólk heldur því til streitu að fá að ala börnin sín upp sjálft. Sumir eru bara betur til þess fallnir en aðrir.

GEDDI

Hvað eru þeir margir, strákarnir þínir?

GÓGÓ

Ég hef aldrei verið sleip í stærðfræðinni, Geddi minn. Svo hef ég aldrei séð þá alla í einu. Ég var guðslifandi fegin í hvert sinn sem ég losnaði við grenjandi krakka. Það er óhollt fyrir börn að alast upp í rótleysi og óöryggi. Ég hafði alltaf svo mikið að gera.

GEDDI

Sönn athafnakona! (*bögn*) Hittirðu þá nokkurn tíma?

GÓGÓ

Æ, þeir heimsækja mig öðruhvorum. Þeir eru að reyna að sýna einhverja ræktarsemi, þessi grey eða leita að uppruninum eða eitthvað. En mér finnst það ógeðfellt þegar fullorðnir menn kalla mig mömmu.

LOLLA

Þú ert biluð. Börn eiga að vera hjá foreldrum sínum. Allavega hjá mömmu sinni.

GÓGÓ

Ég var ekki nógu vitlaus til að láta einhvern karlskratta negla mig niður við eldhúsvaskinn með krakkastóð hangandi í pilsinu.

HARPA DÍS kemur inn.

LOLLA

Ert þú komin? Hver er hjá stráknum?

HARPA DÍS

Enginn. Ég sagði þér að ég gæti bara verið til tíu. Ég sagði þér það.

LOLLA

Já ég veit það. Skildirðu hann eftir einan?

HARPA DÍS

Hvað er þetta manneskja? Hann var sofandi.

LOLLA

Ertu viss um það? Hann verður svo hræddur ef hann vaknar einn.

HARPA DÍS

Þú ætlaðir að vera löngu komin. Ég er engin andskotans barnapía. Ég veit ekkert hvað ég á að gera þegar þau fara að grenja og svoleiðis. Og hann var að gera mig vitlausa.

LOLLA

Guð! Ólöf er alveg brjáluð. Hún rekur mig ef ég fer núna.

HARPA DÍS

Ég var orðin hundleið á að hanga þarna. Það er ekkert hægt að gera í þessari holu þinni. Það er ekki einusinni hægt að horfa á sjónvarp því þú ert bara með náttúruminjastöðina.

LOLLA

Gerðu það reddaðu mér. Bara núna. Ég gat ekki fengið neinn til að passa.

HARPA DÍS

Ég get það ekkert. Við Skömbó ætlum að gera eitthvað í kvöld. Hvar er hann?

LOLLA

Gerðu það passaðu fyrir mig. Bara pínulítið lengur.

HARPA DÍS

Nehei.

LOLLA reið og örvæntingarfull

Djöfuls píkan þín! Að þetta skuli vera systir manns.

HARPA DÍS

Æ, fróaðu þér! Þú getur sjálfri þér um kennt. Hversvegna varstu að eiga þetta barn?

LOLLA

Mig langaði til þess.

HARPA DÍS

Ekki langaði Skömbó í barn. Þú hefur örugglega ætlað að negla hann með því en hann sá í gegnum þig.

LOLLA

Pabbi var plastpokamaður

HARPA DÍS

og pabbi minn líka - ójá

BÁÐAR

Mamma var veik fyrir slíkum

hún varaðist allsekki þá

LOLLA

Er klukkan sló korter í þrjú

HARPA DÍS

kræktann sér oftast í frú

BÁÐAR

Sæll hann mælt í sinni trú

KETILL

Það skilur mig engin - það skilur mig engin nema þú

LOLLA

Mamma má ekkert aamt sjá

HARPA DÍS

og miskunnsöm er hún - ójá

BÁÐAR

karl sem hverg(j) á höfð að halla

hann á'enni griðastað hjá

LOLLA

Ég er undirgefin og bljúg

HARPA DÍS

ættarhefðinni trú

BÁÐAR

sigruð - ef syngja þeir nú:

KETILL

Það skilur mig engin - það skilur mig engin nema þú

KÓR

Tungumjúkir mæta þeir með tannburstann sinn
og tyggja oní þig sama gamla þvættinginn
á eilífri hringferð sinni heims um ból
hætta sumir öllu fyrir húsaskjól

Það skilur mig engin - það skilur mig engin nema þú

LOLLA við *Gedda*

Ég verð að skreppa heim. Strákurinn er einn. Er það ekki í lagi?

GEDDI

Það er í lagi mín vegna á meðan það er svona rólegt en Ólöf tryllist ef hún kemst að því.

LOLLA

Ég verð komin aftur áður en hún kemur. (*fer*)

GEDDI

Jæja Harpa Dís. Hvernig gengur í smámellustandinu núna?

HARPA DÍS

Góði vertu ekki svona pabbalegur. Það fer þér ekki.

GÓGÓ grípur um kviðarholið með þjóningarsvip á andlitinu.

GEDDI

Er eitthvað að Gógó mín?

GÓGÓ

Bara þetta venjulega. Maginn, lifrin, nýrun.. ég gæti haldið áfram að telja upp líkamsparta í alla nótt.

GEDDI

Þarftu ekki að fara að taka pásu?

GÓGÓ

Kannski þyrfti ég að fara einn hring enn. Það er í lagi með vítamínin og reglulegu máltíðirnar en jímínn ég nenni varla að hanga á sloppnum með þessum köllum eina ferðina enn og hlusta á sögurnar þeirra. Þetta er allt eitthvað svo ómerkilegt. Flaskan í skrifborðsskúffunni eða hanskahólfinu. Ópalið svo fyndist ekki af þeim lykt. Og svo eru það pottormarnir sem detta í það á gamlárskvöld og fara í meðferð á nýársdag. Ég

veit ekki hvað er að þessum börnum. (*þögn*) Einu er ég þó búin að komast að. Ég er ekki alkóhólisti, ég er fyllibytta.

GEDDI

Hver er munurinn.

GÓGÓ

Alkóhólistarnir eru veikir, fyllibyttarnar eru að skemmta sér.

GEDDI

Þú er valkyrja Gógó.

GÓGÓ

Ætli maður fari ekki og púðri á sér nefið.

GEDDI

Æ, þú ert alveg nógu sæt elskan.

GÓGÓ

Aldrei of mikið af því góða. (*fer á salernið*)

SVENNI

Það er enginn ástæða til að vera að slíta sér út fyrir örfáar hræður. Förum í pásu. (*fer fram í eldhús*) Heyrðu elska. Er ekki heitt á könnunni?

VEIGA BJÖRG

Ég skyldi nú ætla það. (*Nær í kaffi og hellir í bolla fyrir þau*) Hjá mér er aldrei kaffilaust. Hann sagði það alltaf hann Agnar skipstjóri á Brúarfossi, þegar ég var í þernunni: “Veiga mín, þegar maður kemur að því kaffilausu hjá þér þá ertu dauð”.

SVENNI

Já. Öll mein mannkynsins má lækna með góðum kaffibolla.

KETILL

Láttu mig fá bjór og snafs.

GEDDI

Minn maður! Ekkert gefið eftir. Sá eini í bransanum sem ekki hefur enn vitnað um meðferðina sína í glanstímariti. (*þögn*) Ertu enn jafniðinn við smápíkurnar?

KETILL

Ég reyni að passa upp á lögaldurinn.

GEDDI

Já. Að þær nái honum ekki. Þá er auðvitað farið að slá í þær og þær orðnar eitthvað svo miklar kerlingar. Ertu ekkert hræddur um að barna eitthvað af þessum smádyrum?

KETILL

Það er engin hættu á því.

GEDDI

Nei. Þær læra að nota getnaðarvarnir áður en þær læra að lesa númerið. Við lifum á upplýstum tímum.

JÖKULL kemur inn. Hann er óstyrkur og óöruggur. Mannar sig upp og sest við barinn.

GEDDI

Hvað má bjóða þér?

JÖKULL

Eh.. bjór!

GEDDI

Lítinn eða stóran?

JÖKULL

Kannski ég.. Hafðu hann bara stóran.

GEDDI

Ljósan eða dökkan?

JÖKULL

Ee.. ljósan.

GEDDI

Íslenskan eða útlenskan.

JÖKULL

Útlenskan.

GEDDI

Dýran eða ódýran?

JÖKULL

Hvor er betri? (*þögn*) Dýran bara.

GEDDI

Glaðan eða sorgmæddan?

JÖKULL

Ha?

GEDDI

Ertu með passa?

JÖKULL

Passa? Jájá!

JÖKULL tekur upp veski og upp úr því ökuskríteini sem hann réttir GEDDA. GEDDI lítur á það, réttir það til baka. Afgreiðir hann. Þegar JÖKULL er búinn að fá bjórinn fer hann í spilakassann. YRSA BJÖRG hefur komið inn undir samræðum GEDDA og JÖKULS. Hún gengur til HÖRPU DÍSAR.

YRSA BJÖRG

Sæl Harpa Dís.

HARPA DÍS

Hvað vilt þú?

YRSA BJÖRG

Ertu að bíða eftir Skömbó.

HARPA DÍS

Hvað kemur þér það við?

YRSA BJÖRG

Ekkert. Mér finnst bara sorglegt að sjá þig gera sömu mistök og systir þín.

HARPA DÍS

Lolla er fífl. Ég hef ekki hugsað mér að láta barna mig.

YRSA BJÖRG

Þú lætur einhvern skömbóinn barna þig og svo verður barnið tekið af þér. Eða þú drepur þig á dópi og rugli. Kannski verður þú svo heppin að verða gripin áður en þú gerir eitthvað alvarlegt af þér. Þú ert á hálum ís Harpa Dís.

HARPA DÍS

Þið hafið ekkert á mig.

YRSA BJÖRG

Það gæti komið sér vel fyrir þig að eiga einhvern að. Þú hringir í mig ef þú heyrir eitthvað (*fer*)

HARPA DÍS

Löggutík! Ég er enginn skvíler. (*þögn*) Hvenær sagðist Skömbó ætla að koma?

GEDDI

Hann sagði ekkert um það.

HARPA DÍS

Helvítis! Hann lét mig ekki fá neinn pening.

GEDDI

Síðan hvenær hefur þú þurft peninga til að fá það sem þú vilt.

HARPA DÍS

Æ, skíttu uppí þig.

GEDDI

Og alltaf eru tilsvörin jafnleiftrandi af andríki

JÖKULL

Er alltaf svona fátt hérna?

GEDDI

Það er svona.. misfátt.

HARPA DÍS

Heyrðu strákur. Gefurðu ekki í glas?

JÖKULL

Ertu að tala við mig?

HARPA DÍS

Erum við eitthvað rosalega mörg hérna inni? Já ég er að tala við þig

GEDDI

Láttu kúnnann í friði.

JÖKULL

Það er allt í lagi. Ég á nógan pening. Hvað viltu?

HARPA DÍS

Bjór.

GEDDI afgreiðir með ólund. JÖKULL borgar. KETILL fer inn í eldhúsið.

JÖKULL

Var þessi ekki í Brimbroti?

GEDDI

Jú jú. Þetta er Ketill Guðjónsson fyrrum popphetja og áhugamaður um kynferðislega áreitni.

JÖKULL

Ég man eftir þeim þegar þeir komu einusinni. Sko.. ég bjó úti á landi. Þeir voru eitthvað svo rosalega mikið frá Reykjavík.

GEDDI

Reynsluheimur Ketils er sannarlega stór. Og markmiðið alltaf að stækka reynsluheim kvenna útá landi.

JÖKULL

Geturðu skipt fyrir mig í spilakassann?

GEDDI skiptir fyrir JÖKUL. ÓLÖF kemur inn. Hún gengur í gengum salinn og inn í eldhúsið.

ÓLÖF

Hvar er Lolla?

VEIGA BJÖRG

Er hún ekki frammi?

ÓLÖF

Nú er hún stungin af. Og ekki enn búin að sópa. Þú ætlaðir að passa uppá hana.

VEIGA BJÖRG

Kóngur vill sigla en byr mun ráða.

ÓLÖF við hljómsveit

Hvern djöfulinn eruð þið að hengslast hérna? Eruð þið ekki ráðnir til að spila?

SVENNI

Það er svo fátt frammi. Við ætluðum að bíða þangað til fleiri kæmu.

ÓLÖF

Hverskonar djöfuls kjaftæði er þetta. Haldið þið að fólk sé að koma á tónleika? Þið eigið að vera á sviðinu þegar fólk kemur inn svo það sjái að hérna er eitthvað að gerast. Og þið eigið að spila svo fólk sé ekki bara að kjafta og drekki ekki neitt.

SVENNI

Ókei ókei. Við erum að fara.

MARÍA við Svenna

Heyrðu Svenni. Ég þarf að tala aðeins við þig.

SVENNI

Hvað var það?

MARÍA

Mér finnst ég ekki fá að gera nóg. Ketill syngur næstum því allt.

SVENNI

Láttu ekki svona stelpa. Þú ert flott í frontinum.

MARÍA

Ég fíla ekkert að vera einhver gógópía fyrir Ketil.

SVENNI

Heyrðu! Við tökum eitthvað af þínum lögum. Ókei?

Hljómsveitin fer fram í salinn. EYVINDUR og HALLA koma inn. EYVINDUR er í jakkafötum með stórann kúrekahatt. HALLA er í kúrekafötum með kúrekahatt. Þau líta í kringum sig og skoða staðinn.

ÓLÖF

Ég skal bara láta þig vita það að ég rek þessa andskotans dræsu um leið og vaktin er búin. Ég er búin að fá svoleiðis yfir mig nóg af því að hún vaði yfir mig á skítugum skónum eftir allt sem ég hef gert fyrir hana.

VEIGA BJÖRG

Sjaldan launar kálfur ofeldið. Og holdið er torvelt að temja.

ÓLÖF

Hættu að tala eins og innan úr páskaeggi manneskja. (*opnar vængjahurðina og kíkir fram*) Andskotinn, það er komið fólk og Lolla hvergi sjáanleg. Allt þarf maður að gera sjálfur. (*fer fram*)

VEIGA BJÖRG

Já, hér fljótum við eplin..

HALLA

Mér líst ekkert á þennan stað.

EYVINDUR

Nú? Hvað er að honum?

HALLA

Ég hélt við ætluðum út að borða.

EYVINDUR

Það hlýtur að vera hægt að fá eitthvað að éta hérna. Sjáðu! Það er hljómsveit og allar græjur.

ÓLÖF

Gott kvöld! Viljiði ekki fá ykkur sæti.

HALLA

Er nokkuð hægt að fá eitthvað að borða hérna?

ÓLÖF

Borða? Já. Ég skal koma með matseðilinn.

LOLLA kemur inn. ÓLÖF gefur henni bendingu um að koma til sín.

ÓLÖF

Taktu pöntun hjá þessu fólki. (*í hálfum hljóðum*) Ég tala svo við þig á eftir. (*gengur að barnum til Gedda*) Þau ætla að borða.

GEDDI

Margur fer í geitarhús ullar að biðja.

ÓLÖF

Ert þú byrjaður líka? Hvað á þetta orðskviðasafn að þýða? Farðu og bjóddu þeim eitthvað að drekka. Ég skal taka barinn.

LOLLA

Hvað má bjóða ykkur?

HALLA

Við viljum sjá matseðilinn.

LOLLA

Matseðilinn? Já! Augnablik. (*Hún fer fram í eldhúsið*) Gvuð! Það er komið fólk sem vill fá að borða hérna. Hvað á ég að segja við það?

VEIGA BJÖRG

Matseðill! Það hlýtur að vera einhversstaðar matseðill. Hvar setti ég nú matseðlana? Hjálpaðu mér að leita.

GEDDI

Má ekki bjóða ykkur eitthvað að drekka fyrir matinn?

EYVINDUR

Láttu mig fá viskí, vinur.

HALLA

Romm og kók.

SVENNI

Hér er komin stúlka sem við eigum örugglega eftir að heyra meira frá í framtíðinni. María Pétursdóttir gjörði svo vel.

MARÍA *syngur*

Það er spé í speglinum
og spurn í augum þínum
Svarið dylst í seglinum
sem dregur þau að mínum

Allt var líkast lygi
lífið hvítt eins og mjöll
óslitið ævintýri
ofin úr þokunni höll

Rokið tekur tárin mín
og tregann burt frá mér
Seinna gróa sárin mín
og seinna gleymi ég þér

Bíð í skjóli nætur
barmafull af sorg
Reikul ber ég blúsinn ein
í Reykjavíkurborg

SKÖMBÓ hefur komið inn á meðan lagið er flutt. Þegar því er lokið gefur hann frá sér hávært þrumphljóð. EYVINDUR sendir honum illt auga, stendur síðan upp og klappar ákaft. MARÍA hneigir sig.

SKÖMBÓ

Ömurlegt þíkupopp! Við viljum stuð!

HALLA

Sestu niður maður!

EYVINDUR

Þetta var gott. Fannst þér þetta ekki gott?

HALLA

Sestu! Það glápa allir á okkur.

GEDDI

Viskí fyrir herrann og romm og kók fyrir dömuna

JÖKULL

Æðislegt lag!

MARÍA

Takk.

HARPA DÍS

Hvar hefur þú verið maður?

SKÖMBÓ

Ég þurfti að redda Ólöfu. Svo tékkaði ég á öðru dæmi.

HARPA DÍS

Áttu eitthvað?

SKÖMBÓ

Nei. Mér tókst ekki að stinga neinu undan. Hún leit ekki af mér meðan ég var með það.

HARPA DÍS

En fékkstu ekkert fyrir að redda henni?

SKÖMBÓ

Ég skulda henni. Hvar fékkstu þennan bjór? Áttu pening?

HARPA DÍS *bendir á Jökul*

Hann bauð mér.

SKÖMBÓ

Gullkálfur. (*við Jökul*) Heyrðu! Þú þarna! Djöfull kannast ég við þig.

JÖKULL *önnum kafinn í spilakassanum*

Ha mig?

SKÖMBÓ

Já þig. Hættu að skarka í þessum helvítis kassa og talaðu við mig. Höfum við ekki unnið saman.

JÖKULL

Það held ég ekki. Ég er nýfluttur í bæinn.

SKÖMBÓ

Nú? Þú ert utan af landi? Hvaðan?

JÖKULL

Að vestan. Frá Háreksfirði.

SKÖMBÓ

Ég var þar á vertíð fyrir fimm árum. Á Sigurborginni. Það var helvítis manndrápsbolli og við veiddum ekki rassgat. (*þögn*) Djöfull kannast ég við þig.

JÖKULL

Ég man ekki eftir að hafa hitt þig fyrr.

SKÖMBÓ

Það er kannski ekki von. Við vorum alltaf úti á sjó. (*þögn*) Heyrðu! Það stendur dálítið illa á fyrir mér. Ekki geturðu lánað mér fyrir glasi?

JÖKULL

Jú, ætli maður ráði ekki við það. Það hljóp dálítið á snærið hjá mér í kvöld.

JÖKULL kaupir drykk handa SKÖMBÓ, fer síðan aftur að spilakassanum.

VEIGA BJÖRG *gramsar í pappírum og skoðar matseðla*

Þessi er ómögulegur. Ég á ekkert í þetta. Hérna. Pönnusteikt lúða, entrekót, lamb bernes..

LOLLA

Ég skil ekki hvað fólk sem ætlar út að borða er að flækjast hingað.

VEIGA BJÖRG

Þetta er veitingastaður.

LOLLA

Kommon! Þú veist hvað ég á við. Þetta var veitingastaður, einhvern tíma í fornöld.

ÓLÖF kemur inn í eldhúsið.

ÓLÖF

Gengur þetta ekkert hjá ykkur. Loksins þegar koma almennilegir kúnnar þá vil ég ekki missa þá út.

VEIGA BJÖRG

Flas gerir engan flýti Óla mín.

ÓLÖF *við Lollu*

Svo yðar hágöfgi hefur þóknast að koma aftur. Ég er alveg innilega þakklát því að þú skulir yfirhöfuð muna eftir því að þú vinnur hérna. (*Við Veigu Björg*) Flýttu þér manneskja.

LOLLA

Barnið er svo..

ÓLÖF

Barnið, barnið, barnið. Hverskonar djöfuls afsökun er það fyrir aumingjaskapnum? Annað fólk mætir í vinnu þó það eigi börn. Veiga Björg á sex og hana hefur aldrei vantað í vinnu.

VEIGA BJÖRG

Þau hafa nú öll verið heilsuhraust. Það var bara hann..

ÓLÖF

Það er enginn andskotans tími til að ræða barnauppeldi núna. Drífðu þig!

VEIGA BJÖRG

Ég þarf líklega að eiga eitthvað í matinn til að geta eldað hann.

ÓLÖF

Hvað áttu?

VEIGA BJÖRG

Ég á einhverjar nautasteikur. Og svo lamb. Allt frosið. En ég á ekkert í deser ef þau vilja það.

ÓLÖF

Því redda ég. (*við Lollu*) Þú skalt hunskast til að sinna fólkinu almennilega tussan þín. (*við Veigu Björg*) Ég fer og kaupi ís eða einhvern andskotann.

VEIGA BJÖRG

Og jarðarber! Í dós ef þú færð ekki annað.

ÓLÖF við Lollu

Ef þú klúðrar þessu þá skaltu óska þess að þú hafir aldrei fæðst. (*fer*)

VEIGA BJÖRG

Hafðu engar áhyggjur af þessu. Þetta er bara í nösunum á henni.

LOLLA svarar engu en sest niður og starir fram fyrir sig. GEDDI kemur með drykki til EYVINDAR og HÖLLU.

HALLA við Gedda

Er þetta ekki Brimbrot.

GEDDI

Það sem eftir er af gömlu dægurhetjunum. Þeir heita víst Stuðpúðarnir núna.

HALLA

Guð mér fannst þeir svo æðislegir. Viltu biðja þá að taka lag með Brimbroti.

GEDDI

Alveg sjálfsagt. (*fer að sviðinu*) Það er aðdáandi í salnum strákar. Hún vill heyra eitthvað með Brimbroti.

SVENNI

Syndir feðranna og allt það. Við getum tekið Ítalíulagið.

MARÍA

Þá djöfuls lummu.

SVENNI

Hei! Það geta ekki allir verið djúphugsandi snillingar eins og þú. Einhver verður að gefa fólkinu það sem fólkið vill.

GEDDI

Það er sláttur á séffanum núna. Gefa fólkinu það sem fólkið vill.

KETILL *syngur*

Á Ítalíu hitti eina þú
og óskaði að fá hana í dans
því að ég þráði bros og hlýju
og þokkafullan meyjafans

MARÍA *syngur*

Þú verður að vera mér góður
og vefja mig örmum tveim
þú mátt ekki vera óður
þá ekki kem ég með þér heim

KÓR

Það verður stanslaust stuð
 já stanslaust stuð
 það verður stanslaust stuð í kvöld
 Ekki sorg né suð
 hvorði púl né puð
 því gleðin er við völd

KETILL *syngur*

En ég varð að yfirgefa hana
 og minn mikla ástareld
 en ég hugsa ævinlega um hana
 á sjónum þegar húmar kveld

MARÍA *syngur*

Komdu með mér kæri vinur
 komdu þú þarft ekki að þjást
 Ég elska þig hvað sem á dynur
 ást sem aldrei aldrei brást

KÓR

Það verður stanslaust stuð
 já stanslaust stuð
 það verður stanslaust stuð í kvöld
 Ekki sorg né suð
 hvorði púl né puð
 því gleðin er við völd

HALLA *klappar*

Jíííha! Ooo.. þetta er svo æðislegt lag.

EYVINDUR

Þú hefur alltaf smekklaus verið Halla.

HALLA

Æ góði.. byrjaðu nú ekki.

VEIGA BJÖRG *réttir Lollu matseðla*

Hana! Láttu þau fá þetta. Ég á engan fisk svo þú verður að fá þau til að borða kjöt.

LOLLA

Hvernig er hægt að koma svona fram við fólk? Maður getur bara ekki alltaf verið pottþéttur. Stundum er bara svo erfitt hjá manni að maður getur ekki..

VEIGA BJÖRG

Svona góða mín. Hver hefur sinn djöful að draga.

LOLLA

Það er allt eitthvað svo ömurlegt. Stundum vildi ég óska að ég væri dauð.

VEIGA BJÖRG

Láttu ekki annað eins út úr þér stelpa. Töluð orð og tafaður meydómur verða ekki aftur tekin.

LOLLA

Ég get ekki lengur vaknað á morgnana. Til hvers er að vera að vakna þegar allt er andskotans basl og ekkert gengur upp hjá manni. Helst vildi ég bara sofa og sofa og sofa og sofa. Og vakna svo aftur í nýju lífi og allt væri orðið öðruvísi en það er.

VEIGA BJÖRG hefur fylgst með LOLLU með vaxandi áhyggjusvip.

VEIGA BJÖRG

Dú ætlar ekki að fara að taka upp á einhverri vitleysu aftur er það?

LOLLA

Hvaða máli skiptir það?

VEIGA BJÖRG

Það er engin lausn stelpa. Það er bara flótti. Það eru bara aumingjar sem..

LOLLA

Er ekki fínt að aumingjarnir eigi flóttaleið?

VEIGA BJÖRG

Fyrirgefðu Lolla mín. Það var ekki það sem ég meinti. Ég..

LOLLA

Heldurðu að ég viti ekki að ég er aumingi?

VEIGA BJÖRG

Hvað vitleysa er þetta stelpa? Taktu ekkert mark á rausinu í mér.. (*ætlar að segja eitthvað en veit ekki hvað. Þögn*) Reyndu að koma því við að sópa fyrir framan góða mín. Þú veist hvernig hún Óla getur hengt sig í smáatriði.

LOLLA fer fram í salinn. VEIGA BJÖRG horfir á eftir henni og hristir höfuðið. Fer að gera klárt fyrir eldamennskuna. INDRÍÐI og SIGRÍÐUR koma inn.

SIGRÍÐUR

Almáttugur! Er þetta staðurinn?

INDRÍÐI

Láttu ekki á neinu bera. Fáum okkur sæti. Nei ekki hérna. Lengra.

INDRÍÐI og SIGRÍÐUR setjast við borð.

SIGRÍÐUR

Sérðu liðið maður! Sjáðu þessa..

INDRIÐI

Ekki benda! Á svona stöðum verður maður að hverfa í fjöldann. Ég sagði þér að þú værir alltof vel klædd. Maður verður að klæða sig eins og hinir. Og hafa veskið í buxnavösunum að framan. Það er mjög mikilvægt því margir af þessum karakterum eru þrautþjálfaðir vasapjófar.

HARPA DÍS

Þú hlýtur að geta reddað einhverju. Þú þykist alltaf hafa svo rosaleg sambönd.

SKÖMBÓ

Það er ekki nóg að hafa sambönd ef maður á ekki dæm. (*snýr sér að Jökli*) Djöfull kannast ég við þig. Þú hefur ekki verið að vinna hjá Hitaveitunni er það?

JÖKULL

Nei. Ég vinn á lager hjá heildsala. Hann er frændi minn.

SKÖMBÓ

Þetta er alveg undarlegt maður. Ég hef séð þig einhverntíma áður.

LOLLA hefur látið EYVIND og HÖLLU fá matseðlana.

EYVINDUR

Vandi er að velja. Láttu mig fá annan viskí svo ég geti hugsað. Þú veist hvað maður verður gáfaður af brennivíni. Og romm og kók.

LOLLA

Geddi! Einn viskí og romm og kók.

HALLA

Ekki er nú mikið úrval.

EYVINDUR

Ég ætla að fá nautasteikina. Lítið steikta. Það á að snúa henni við áður en hún snertir pönnuna skilurðu? Ég vil fá hana baulandi. Ha! Eins og þær eru í Dallas.

LOLLA

Nautasteik - rer. Og fyrir frúna?

HALLA

Oo.. ég þoli það ekki þegar einhver kallar mig frú, það er svo kerlingarlegt. Ég er að hugsa um að fá pönnusteiktu lúðuna.

LOLLA

Því miður. Lúðan er bara búin.

EYVINDUR

Hvað er þetta kona? Ætlaðu að fara að graðga í þig fiski. Sjómenn éta ekki fisk. Reyndu að sýna samstöðu með undirstöðuáttvinnuveginum manneskja. Það er nú einusinni út af honum sem þú lifir fínu lífi.

HALLA

Viltu ekki bara skipta? Ég fer út á sjó og glápi á klámmyndir en þú sérð um krakkana. Mér þætti gaman að sjá þig endasendast um allan bæ til að flytja þau á milli skóla og leikskóla og á íþróttæfingar. Ha? Mann sem týnir áttum í Bónus.

EYVINDUR

Þetta var bara djók elskan mín. Ef þú vilt fisk þá færðu fisk. Ef þú vilt fara eitthvað annað þá förum við eitthvað annað.

HALLA *gýtur augum til hljómsveitarinnar*

Við getum eins borðað hérna fyrst við erum komin hingað. Láttu mig fá lambið.

LOLLA

Lamb bernes. Og eitthvað að drekka.

EYVINDUR

Láttu okkur fá einhverja berjasaft með þessu. Rauðvín.

LOLLA

Hvaða tegund?

EYVINDUR

Bara einhverja tegund. Það dýrasta. Það hlýtur að vera best.

LOLLA

Takk.

LOLLA fer inn í eldhús. Talar við VEIGU BJÖRG sem byrjar að elda.

MARÍA

Jæja. Ég fer þá bara í pásu.

SVENNI

Ókei.

EYVINDUR *gengur til Maríu*

Hvað segja bændur?

MARÍA

Ha?

EYVINDUR

Já, ertu ekki hress?

MARÍA

Ég? Jú, ég er hress.

EYVINDUR

Sestu hérna hjá okkur. Ertu svöng. Eruð þið ekki alltaf blankir listamennirnir? Má ekki bjóða þér eitthvað að borða?

MARÍA *sest*

Nei þakka þér fyrir

EYVINDUR

En eitthvað að drekka?

MARÍA

Ég er hætt að drekka.

EYVINDUR

Kaffi?

MARÍA

Ómögulega takk.

EYVINDUR

Mig langaði bara að votta þér aðdáun mína. Þú syngur vel.

MARÍA

Þakka þér fyrir.

EYVINDUR

Lagið þitt var gott. En mér líkaði ekki þetta Ítalíurugl.

HALLA

Það er bara fjörukt lag. Af hverju má ekkert vera skemmtilegt lengur?

EYVINDUR

Sko! Ég er sjómaður. Ég var að koma úr Smugunni. Og mér líkar ekki þetta kjaftæði um sjómanna lífið. Þessi saknaðarljóð. Sjómenn eru ekki eins heimskir og fólk heldur. Þeir vita hvers virði þeir eru. Nákvæmlega ekki hundaskítvirði. Og ef einhver dægurlagapíka - þú fyrirgefur orðbragðið - fer að reyna að telja okkur trú um að okkar sé sárt saknað og allt sé svo rómantískt og æðislegt þá kemur ælan upp í kok.

SKÖMBÓ

Þú veist hvernig það er. Maður hittir einhvern sjónvarpsfréttamann eða eitthvert fjölmiðlafríkið á götu og áður en maður veit af er maður búin að heilsa þeim. Manni finnst maður þekkja þau af því fésið á þeim eru eins og ein mublan í stofunni.

JÖKULL

Þú hefur kannski séð mig í sjónvarpinu. Nei. Það getur ekki verið.

SKÖMBÓ

Bíddu. Bíddu. Það er eitthvað að kvikna. (*hugsar*) Náði þér! Þú ert kynnir þarna í kók-
þættinum.

JÖKULL

Nei! Ertu vitlaus maður!

HARPA DÍS

Svona! Segðu okkur það.

JÖKULL

Ég var í Happa-Glappa í kvöld.

SKÖMBÓ

Getraunaþættinum? Þar sem maður getur valið þrisvar ef maður vinnur
spurningakeppnina og unnið þrjár milljónir?

JÖKULL

Alveg rétt.

HARPA DÍS

Vannstu?

JÖKULL

Já. Eiginlega.

SKÖMBÓ

Hei! Minn maður. Þetta verðum við að halda uppá. Geddi! Umgang! Millinn borgar.

HARPA DÍS

Geddi! Þrefaldan!

Síminn í eldhúsinu hringir. LOLLA svarar.

LOLLA

Nátthrafninn.. Já það er hún. Sæl.. Hvað segirðu? Er hann að gráta? Já.. Já.. Ég kem
strax.. Ég skil það vel.. (*æpir*) Þú hringir ekki helvítið þitt! Ég er að koma.. Þú hringir
ekki!

*LOLLA leggur tólið á og flýtir sér út af staðnum. VEIGA BJÖRG sem hefur fylgst
með símtalinu kallar á eftir henni.*

VEIGA BJÖRG

Hvað er að Lolla mín? Hvert ertu að æða?

LOLLA á hlaupum út

Ég get ekki talað við þig núna. Ég segi þér það á eftir.

SKÖMBÓ

Skál fyrir þér.. Hvað heitirðu?

JÖKULL

Jökull.

SKÖMBÓ

Skál fyrir Jökli. (*þögn*) Þér hefur gengið vel að velja?

JÖKULL

Ja..á. Ágætlega.

SKÖMBÓ

Hvað vannstu mikið? Nei það skiptir sosum engu máli. Til hamingju.

GEDDI fer inn í eldhúsið.

GEDDI

Hvert var litli félagsmálapakkinn okkar að æða?

VEIGA BJÖRG

Það má guð vita. Það hringdi einhver í hana.

GEDDI

Og hún hljóp. Það er merkilegt með kvenfólk. Það er alltaf á hlaupum.

VEIGA BJÖRG

Ekki hlaupið þið. Svo mikið er víst.

GEDDI tekur símann og velur númer

Hlaupið þangað til þið endið uppi útslitnar, fótalausar og gigtveikar, farnar í baki og forljótar. Og karlarnir: Hlaupa loksins - á brott með yngri konum.

VEIGA BJÖRG

Þá væri nú gustukarverk að slá okkur af. Hættar að þjóna tilgangi okkar. (*hlær*) Æ, skreptu fram með matinn þeirra. Hvaða æðibunugangur var þetta á stelpunni? Ég ætla að vona að hún skili sér áður en Óla kemur til baka.

GEDDI í símann

Gott kvöld. Þetta er Grettir.. Hvernig er hann?.. Það hefur ekkert breyst. Þakka þér fyrir. (*leggur á*)

VEIGA BJÖRG setur matinn á diskana og GEDDI fer með þá fram.

HALLA

Eru þetta ekki ofboðslega skemmtilegir strákar?

MARÍA

Í hljómsveitinni? Jú, þeir eru ágætir.

HALLA

Af hverju voruð þið að hætta með Brimbrotið?

MARÍA

Ég var ekki í Brimbroti

HALLA

Nei þú ert svo ung. (*þögn*) Ég man að eitt sumarið eltum við stelpurnar Brimbrotið út um allt. Við fórum á öll sveitaböll sem þeir spiluðu á. Guð, þeir voru svo skemmtilegir. Þetta eru líka svo flott lög og þeir alltaf svo æðislega hressir..

EYVINDUR

Ætli það hafi ekki verið eitthvað annað sem þið voruð að sækjast eftir.

HALLA

Alltaf þarft þú að leggja allt út á versta veg. Ætli þú hafir verið nokkuð skárri þegar þú varst unglingur.

EYVINDUR

Ég var allavega ekki..

MARÍA *stendur upp*

Jæja..

EYVINDUR *togar Maríu aftur niður í sætið*

Nei farðu ekki strax. Maður fær svo sjaldan tækifæri til að tala við hugsandi fólk. Ha! Alltaf á sjó.

HALLA

Elskan, sittu hjá okkur.

GEDDI

Lambið..hver var með það? Frúin. Gjörðu svo vel. Og Entrekót fyrir herrann. Bonn appetít!

HALLA

Ertu alveg viss um að þú viljir ekkert.

MARÍA

Kannski ég fái eina kók.

HARPA DÍS

Ég myndi vera alveg eins og asni í svona spurningakeppni. Hvernig getur fólk í þessum þáttum vitað alla hluti?

JÖKULL *orðinn dálítið hreifur*

Þetta er mest heppni. Sumar spurningarnar eru léttar en aðrar ógeðslega þungar. Ég var alveg rosalega heppinn. Síðasta spurningin mín var: Hver var trommari í Brimbroti? Þetta vita allir.

HARPA DÍS

Hver var það?

JÖKULL

Jóhann Sigurjónsson auðvitað. (*þögn*) Merkilegt að vinna á þessari spurningu og koma svo hingað og helmingurinn af Brimbrotinu er í hljómsveitinni. (*þögn*) Einusinni var Brimbrot að spila í Háreksfirði. Ég var bara þúki þá. Togarnir voru báðir úti og allar kerlingar staðarins voru á lóðarí í kringum hljómsveitargæjana og þeim var boðið í partí eftir ballið. Heyrðu, ég vakna um miðja nótt við einhver læti fyrir utan og kíki út um gluggann. Sé ég þá ekki að þessi fræga hljómsveit að sunnan kemur fáklædd á harðahlaupum eftir götunni og á eftir þeim heil togaraáhöfn. Þeir náðu þeim fyrir utan hjá mér og þá hrutu mörg gullkornin: “Heyrðu, réttu honum einn frá mér, ég er upptekinn með þennan”.

SKÖMBÓ og HARPA DÍS hlæja.

HARPA DÍS

Æðislegar bernskuminningar sem þú átt.

SKÖMBÓ

Góður! Góður! Þessi var góður. Heyrðu, ég þarf að tappa af. Þú pantar annan umgang á meðan.

JÖKULL

Ha? Já auðvitað.

SKÖMBÓ fer á klósettið.

HARPA DÍS

Rosalega vildi ég hafa séð þig í þættinum.

JÖKULL

Það var ekkert merkilegt.

HARPA DÍS

Hvernig komstu í þetta?

JÖKULL

Bara. Ég sendi inn svona miða með nafninu mínu og svo var ég dreginn út.

Þögn.

HARPA DÍS

Mér finnst þú dálítið sætur.

JÖKULL

Sætur? Hvað meinarðu?

HARPA DÍS

Hvað er þetta? Má mér ekki finnast þú sætur?

JÖKULL

Jú auðvitað. Ég er bara ekki vanur því að stelpur segi þetta við mig.

HARPA DÍS

Langar þig að sofa hjá mér?

JÖKULL

Hjá þér? Ertu ekki með honum þarna. (*bendir í átt til salerna*).

HARPA DÍS

Skömbó. Nei við erum bara vinir.

JÖKULL

Þannig! Mér fannst bara..

HARPA DÍS

Hann er eiginlega mágur minn. Eða þannig.. hann á barn með systur minni. (*þögn*)
Hvað ertu að hugsa um að gera við peningana?

JÖKULL

Bara.. eitthvað.

HARPA DÍS

Veistu hvað ég myndi gera ef ég eignaðist mikla peninga? Ég myndi koma mér burt af þessu skítaskeri. Opna bar. (*Við hljómsveit*) Hei! Kunnið þið “Í suðrænum löndum”?

SVENNI

María! Í suðrænum löndum.

MARÍA *syngur*

Í suðrænum löndum er sælla að vera en hér
á sundlaugarbarmi með drykkinn við hliðina á sér

HARPA DÍS *syngur*

í dýrum sundbol - með perlum og demöntum skreytt
og dópið það kostar sko barasta allsekkni neitt

KÓR

Ég get orðið eitthvað annað en ég er.. EF
ég gef upp á nýtt þau spil sem ég hef
Gengi mitt hækkar brátt - gæfan snýst mér í vil
- gjörsamlega vonlaust að ég fái verri spil

GÓGÓ *syngur*

Kahlúa, viskí, kardimommudropar
 - koníak finnst mér svo gott
 Absint og landi, ákavítissopar
 - ég innbyrði allt sem er vott

HARPA DÍS *syngur*

Mig dreymir um bar þar sem dagurinn snýst bar´ um mig

GEDDI *syngur*

og dýrlega kokkteila hristi ég þar fyrir þig

MARÍA *syngur*

drunganum kasta á drifhvítum vængjum ég svíf
 svo dönsuð við saman í gegnum vort rósrauða líf

KÓR

Ég get orðið eitthvað annað en ég er.. EF
 ég gef upp á nýtt þau spil sem ég hef
 Gengi mitt hækkar brátt - gæfan snýst mér í vil
 - gjörsamlega vonlaust að ég fái verri spil

GÓGÓ

Geddi minn reddaðu mér einum sterkum. Ég má ekki syngja svona því þá rennur svo mikið af mér.

GEDDI

Þú drepur þig á þessu Gógó mín.

GÓGÓ

Ég er löngu hætt að reyna það. Það tekur allt of langan tíma með þessu móti.

HALLA

Eigum við ekki að bjóða hljómsveitinni upp á bjór Eyvi?

EYVINDUR

Mín vegna. Kallaðu í þjóninn.

HALLA

Nei. Ég fer sjálf með þá.

HALLA stendur upp og fer að barnum til GEDDA og talar við hann. Hann setur fjóra bjóra á bakka sem hún fer með til hljómsveitarinnar.

MARÍA

Svo þú ert á sjónum?

EYVINDUR

Sjómaður dáðadrengur.

MARÍA til að segja eitthvað

Og eru alltaf sömu erfiðleikarnir í sjávarútveginum?

EYVINDUR

Það má nú segja. Þegar útgerðarmaðurinn var búinn að semja við okkur um fiskverðið var hann svo glaður að hann fór og keypti sér nýjan jeppa. Við erum svo vanir því að láta taka okkur í rassgatið að við leggjum sjálfir til vaselínið.

MARÍA

Ég spurði bara.

EYVINDUR

Við skulum ekki sóa tíma okkar í að ræða um íslenskan sjávarútveg. Hann er bara atvinnubótavinna fyrir Humber svæðið. Við skulum ræða um listina eða eitthvað sem máli skiptir.

HALLA

Eruð þið ekki þyrstir strákar.

KETILL

Hei hei hei! Sko mína!

HALLA

Ekki bjóst ég við að sjá ykkur hérna.

SVENNI

Tindinum náum við um tuttugu og fimm ára aldurinn. Eftir það er all á hægri niðurleið.

HALLA

Hvaða vitleysa er þetta. Við erum öll ung í anda.

KETILL

Jæja Halla, hvað er verið að bralla?

HALLA

Guð! Manstu eftir mér.

KETILL

Ég man Hvol og móana þar í kring.

LOLLA kemur inn bakdyramegin með barnavagninn. Hún ekur honum afsíðis.

VEIGA BJÖRG

Ertu nú gjörsamlega gengin af göflunum stelpa?

LOLLA

Hvað átti ég að gera. Kerlingin var að hóta löggunni og barnaverndarnefnd. Ég læt engan taka af mér barnið.

VEIGA BJÖRG *kíkir inn í vagninn*

Æ, litla greyið.

LOLLA

Þú lítur eftir honum fyrir mig, er það ekki

VEIGA BJÖRG

Lolla mín. Þú veist þetta er ekki hægt. Ef hún Ólöf..

LOLLA

Æi, Veiga!

VEIGA BJÖRG

Þetta kann ekki góðri lukku að stýra. (*þögn*) Jæja þá. Bara þangað til ég fer.

LOLLA fer fram í salinn og gengur að borði EYVINDAR og HÖLLU og byrjar að taka saman diskana.

SIGRÍÐUR

Æðislega er þetta spennandi. Ég vissi ekki að svona staðir væru til á landinu. Eigum við ekki að fá okkur eitthvað að drekka?

INDRÍÐI

Jú. En við verðum að passa okkur á að verða ekki ölvuð.

SIGRÍÐUR

Indi minn! Við erum úti að skemmta okkur. Á ég að fara á barinn?

INDRÍÐI

Nei. Ég fer. Svo verðum við að fylgjast vel með glösunum. Þeir eiga það til að lauma eiturfjóm í þau þegar maður sér ekki til. (*fer á barinn*)

EYVINDUR

Ef maður hefði disk með stelpu eins og þér væri léttbærara að vera langtímum saman norður í ballarhafi.

LOLLA

Hvernig bragðaðist maturinn?

EYVINDUR

Það mátti þræla þessu í sig.

HALLA kemur aftur að borðinu

LOLLA

Má bjóða ykkur eitthvað í eftirmat?

EYVINDUR

Djöfull þurfið þið að éta þetta lið sem er í landi. Ha? Svo þurfið þið að fara á hlaupabretti í líkamsræktarstöð til að ná af ykkur spikinu. Ha? Eða tröpputækið. Ég brjálaðist þegar ég sá það. Ha? Einhver feitur karl - örugglega sá sem reiknar út kaupnið mitt - að klifra í svona tröpputæki af því hann tekur alltaf lyftuna og þarf því þessa hreyfingu. Komdu með meira að drekka.

HALLA

Eyvindur! Eyvindur! Passa sig! Passa sig!

EYVINDUR

Meira að drekka!

LOLLA fer að barnum

Umgang fyrir togarafлотann.

GEDDI

Eru sjómenn eitthvað að detta í það?

LOLLA

Eitthvað smá.

GEDDI

Þér hefur tekist að redda pössun fyrir strákinn?

LOLLA

Það er ekkert skrítið þó þessir strákar detti hessilega í það þegar þeir koma í land. Ég yrði brjáluð ef ég þyrfti að hanga innilokuð með sama fólkinu í einn til tvo mánuði.

KETILL

Og hérna er óskalag fyrir litla línudansarann..

HALLA

Jíííha!

SVENNI

..og það er Júrívísjónlagið frá 1985: Kúrekar hins kalda lands.

HALLA

Guð! Eyvi! Eyvi! Dansaðu við mig.

EYVI

Ég dansa ekki. Stelpur dansa.

KETILL

Og allir út á gólfið.

HALLA

Komið að dansa! Allir að dansa!

HALLA hleypur um og reynir að draga fólk út á gólfið. Á endanum eru allir farnir að dansa og syngja með í viðlaginu nema EYVINDUR. HALLA kennir kúrekadansa.

KETILL *syngur*

Við erum kúrekar í köldu landi
 komnir frá Noregi
 Þjóðin hún er ung að árum
 eiginlega smápeyji
 Þjáð við höfum þraukað hér
 í þúsund mögur ár
 Væringjar í vistarbandi -
 víst var hér kóngur klár

KÓR

Komum og kneifum öl
 kúrekar stígum á fjöl
 Dönsum þá léttist dvöl
 í daganna ljúfsáru kvöl

KETILL *syngur*

Landnemar úti á opnu hafi
 erum við nýrík og frjáls
 Með krítarkort í hverjum vasa
 og hvítan flibba um háls
 Við gröfum eftir gullinu
 sá guli er utar - hó
 Við sækjum alltaf sífellt lengra
 svona er að vera á sjó

KÓR

Komum og kneifum öl
 kúrekar stígum á fjöl
 Dönsum þá léttist dvöl
 í daganna ljúfsáru kvöl

ÓLÖF

Það er brjáluð stemming.

GEDDI

Allt vitlaust!

ÓLÖF

Svona ætti að vera hvert einasta kvöld.

GEDDI

Með hreinan og ljúfan og heilnæman blæ..

ÓLÖF

Hljómsveitin er alveg frábær!

GEDDI

Já. Hverjum hefði dottið í hug að gömlu mennirnir væru svona blóðríkir?

KETILL

Við tökum smá pásu en komum aftur eftir tuttugu mínútur.

TJALDIÐ

2. ÞÁTTUR

Sama svið og í 1. þætti. Eftir að upphafslag hefur verið flutt eru stöður eftirfarandi: MARÍA og EYVINDUR sitja saman við borð. INDRÍÐI og SIGRÍÐUR við annað borð. SVENNI, HALLI og ÖMMI sitja við hljómsveitarborðið. ÓLÖF og GEDDI eru við barinn. JÖKULL og HARPA DÍS eru í spilakassanum. GÓGÓ er einhversstaðar á svæðinu. VEIGA BJÖRG og LOLLA eru í eldhúsinu. Gestirnir gerast æ drukkari og stemmingin fuglabjargslagri.

HALLA *syngur*

Á ég að? - ó nei
gera það? - ó svei
ég má ei - ó vei
hugsa svona
harðgift kona
En allt hold er hey
hrein mey er ég ei
að halda soldið framhjá
er hreinlega ókei

MARÍA *syngur*

Við fiskum upp gæja á fimm mínútum

VEIGA BJÖRG *syngur*

og sitjum uppi með þá í sextíu ár

MARÍA *syngur*

Við kjósum frekar rangan mann en engan

GÓGÓ *syngur*

end' er vonlaust að veðja á réttan klár

KÓR

Við kíkjum inn á kjötmarkaðinn

og kaupum svolítið inn

Viljum bara sóðalegt sex

og síðan vinkum við bless

MARÍA *syngur*

Þeim er tamt að elt' á sér eymingjann

VEIGA BJÖRG *syngur*

aumingjagóðar við sofum hjá þeim samt

HALLA *syngur*

Eigum við að bíða þess eina rétta

KONUR *syngja*

eða eigum við að elska þá alla jafnt

HALLA *syngur*

Á ég að? - ó nei

gera það? - ó svei

ég má ei - ó vei

hugsa svona - harðgift kona

En allt hold er hey
hrein mey er ég ei
að halda soldið framhjá er hreinlega ókei

KARLAR

Við kíkjum inn á kjötmarkaðinn
og kaupum svolítið inn
Viljum bara sóðalegt sex
og síðan vinkum við bless

KONUR

Þarf ekkjað þjást
því skyndiást
sem aldrei brást
mun hér fást

KARLAR

Við kíkjum inn á kjötmarkaðinn
og kaupum svolítið inn
Viljum bara sóðalegt sex
og síðan vinkum við bless

KONUR

Þarft ekkjað þjást
því skyndiást
sem aldrei brást
mun hér fást

HALLA

Á ég að
gera það?
Ég má ei
jú, það er ókei

HALLA og KETILL laumast út saman. SKÖMBÓ stendur framarlega á sviðinu og talar í gsm-síma.

SKÖMBÓ

Hver er þetta?.. Er hann ekki þarna?.. Nú vektu hann þá manneskja.. Auðvitað vill hann tala við mig (*þögn*). Kellingar! (*þögn*) Blessaður! Hvað segist?.. Menn bara sofandi yfir hábjargræðistímenn.. Heyrðu! Áttu eitthvað?.. Hver heldurðu að sé að hlera símann?.. Já, ég er líka í gemsu. Slappaðu af maður.. Geturðu ekki reddað mér nokkrum stykkjum á kommí.. Auðvitað borga ég.. Og það líka. Ég borga allt í einu.. Blessaður láttu ekki svona.. Ókei, ókei.. Ég versla þá bara einhversstaðar annarsstaðar. (*velur annað númer*) Djöfulsins skíthæll! (*þögn*) Blessaður! Þetta er Skömbó. (*talar áfram án þess að heyrast til hans*)

EYVINDUR orðinn drukkinn

Þú heldur kannski að það sé einhver rjómalagaður unaður að vera á svona dalli.

MARÍA

Það hefur mér aldrei dottið í hug. Annars veit ég ekkert um það, ég hef aldrei verið á sjó.

EYVINDUR

Það eru ráðherralaun og allt það. En hvaða gagn er í því að vera á ráðherralaunum ef maður hefur ekki tækifæri til að haga sér eins og ráðherra? Ég meina hvar er jeppinn minn og tíminn til að aka honum? Hvar er allt fría búsið? Ég glápi á myndbönd og legg kapal í Smugunni og þegar ég kem í land þá sit ég uppi með tussu sem getur ekki einusinni verið til staðar á meðan ég er í landi.

MARÍA

Hún hefur bara skroppið á klósettið. Hún kemur aftur.

EYVINDUR

Ég þekki mitt heimafólk þó ég hitti það næstum aldrei.

SKÖMBÓ *í símann. Meðan hann talar nálgast hann borð Eyvindar*
 Hei, ekkert svona! Hver reddaði þér þegar þú varst eftirlýstur út af bankadæminu?
 Leyfði ég þér ekki að fela þig í sumarbústaðnum hennar mömmu þó ég væri á
 skilorði?.. Þú manst ekki eftir því núna þegar ég er í vandræðum.. Já, ef ég redda ekki
 hundraðþúsundkalli í kvöld þá er ég dauður.. Já, dauður.. Ef ég verð bara köttaður eða
 brotinn þá ég slepp vel.. Já farðu til andskotans (*rýfur sambandið*). Og þetta kallar
 maður vini sína.

MARÍA

Þið hljótið að gera eitthvað fleira en að glápa á myndbönd og leggja kapal?

EYVINDUR

Eins og hvað?

MARÍA

Þið hljótið að hafa gott næði til að lesa. Eða tala saman..

EYVINDUR

Ræða heimsmálin? Þegar heimurinn skreppur saman í einn ruggandi dall úti á rúmsjó
 þá fara nú að skerðast umræðuefnin. Ég las einusinni grein eftir einhvern sálfræðing
 og hann sagði að einangrunarfangar misstu einbeitinguna smám saman. Það sama
 gerist ef maður er langtímum úti á sjó.

SKÖMBÓ *sest hjá þeim*

Helvíti er þetta merkilegt.

EYVINDUR

Ég minnst þess ekki að hafa boðið þér sæti.

SKÖMBÓ

Hei! Augnablik? Mig langar bara til að ræða við þig eins og sjómaður við sjómann.
 Svo ætla ég ekkert að stoppa. Ekki hafið þið áhuga á að kaupa gsm-síma?

EYVINDUR

Hvernig djöfulinn ætti ég að gera við svoleiðis borgarleikfang? Maður hættir að ná
 sambandi um leið og maður siglir út úr hafnarkjaftinum.

SKÖMBÓ

En fyrir konuna?

MARÍA

Ég er ekki konan hans.

EYVINDUR

Nei því miður hef ég aldrei kunnað að velja mér konur. En ég get valið mér
 félagsskap, svo hypjaðu þig.

SKÖMBÓ

Bíddu, bíddu við! Er karlinn eitthvað farinn að æsa sig?

EYVINDUR

Þú móðgaðir þessa ungu listakonu áðan og það hef ég ekki hugsað mér að fyrirgefa. Nú skaltu flytja þig eitthvað annað eða ég geri það fyrir þig.

SKÖMBÓ

Þú og hvaða lið?

EYVINDUR *stendur upp*

Ég þarf enga hjálp til þess.

SKÖMBÓ stendur líka upp. Stingur höndinni í vasann

MARÍA

Passaðu þig! Hann er með hníf.

GEDDI kemur aðvífandi og grípur um hnífhendi SKÖMBÓS og snýr hana aftur fyrir bak.

GEDDI

Þú þekkir reglurnar hérna. Engin slagsmál. Engin vopn. Annars ferð þú í straff.

SKÖMBÓ

Sleptu mér helvítis homminn þinn.

GEDDI

Það verður einhver bið á því.

ÓLÖF *kemur að*

Hvað er um að vera hérna?

MARÍA

Við fáum ekki frið fyrir þessum manni.

EYVINDUR

Maðurinn hefur engan kúltúr. Það er kvöl að hafa hann nálægt sér.

SKÖMBÓ

Fyrst ætlar þessi andskoti að ráðast á mig og svo kemur Geddi og tekur mig aftanfrá. Ég var bara að athuga hvort einhver vildi kaupa gemsu.

ÓLÖF

Hvað er ég búin að segja þér oft að ég vil engar dýlingar hérna inni.

SKÖMBÓ

Þetta er minn sími.

GEDDI

Á ég að henda honum út?

SKÖMBÓ *bendir á Eyvind*

Af hverju ekki alveg eins honum? Hann byrjaði.

EYVINDUR

Og þú varst heppinn að ég kláraði ekki.

ÓLÖF *við Eyvind*

Mér finnst þetta mjög leiðinlegt. Ég biðst afsökunar. Þetta kemur ekki fyrir aftur. (*dregur Skömbó með sér burt*) Hvern djöfulinn ertu að pæla? Ertu að reyna að eyðileggja þennan litla bissan sem ég hef. Ég hélt ég ætti betra skilið af þér.

SKÖMBÓ

Ég þoli ekki svona týpur sem þykjast vera meiri en allir aðrir af því þeir eru á einhverjum drulludalli og eiga nóg af peningum. Ég meina.. sjáðu gæjann. Hann er eins og út úr Dallas.

ÓLÖF *réttir Skömbó lítið bréf*

Farðu inn á klósett og fáðu þér. Hagaðu þér svo eins og maður framvegis og láttu kúnnana í friði.

SKÖMBÓ *leggur af stað á klósettið.*

Ókei, ókei.

ÓLÖF

Og ekki klára allt.

GEDDI

Ég skil ekki umburðarlyndið gagnvart þessu krípi. (*fer inn í eldhúsið og sest við borðið*)

ÓLÖF *sest hjá hljómsveit*

Jæja strákar! Hvernig hangir hann?

ÖMMI

Suðsuðvestur.

ÓLÖF

Á ekki að fara að kýla á það?

SVENNI

Ekki stendur á okkur.

ÓLÖF

Rosalegt stuð sem þið náðuð upp áðan.

SVENNI

Það minnti óneitanlega á gamla daga. Hiti, sviti og allt vitlaust.

ÓLÖF

Strákar! Ég var að fá alveg rosalega hugmynd. Getum við ekki haldið sérstakt Brimbrotskvöld? Ég meina, auglýsa og allt. Reyna að fá alla gömlu aðdáendurna.

SVENNI

Hingað?

ÓLÖF

Já. Því ekki? Ég mála staðinn, breyti aðeins innréttingunum og skipti um nafn. Svo er hægt að halda svona ýmis kvöld, Brimbrotskvöld, kántríkvöld, Bítlakvöld og svoleiðis. Ná í starfsmannahópana, árshátíðirnar og allt það. Matargesti.

ÖMMI

Þetta er ekki svo galin hugmynd.

ÓLÖF

Þið væruð föst hljómsveit á staðnum. Ég meina, þið spilið allt.

SVENNI

Já, þú segir það. Við spáum í þetta.

ÓLÖF

Þetta er alveg rakið. Hvar er gítarleikarinn?

HALLI

Hann var snaraður og teymdur burt eins og kálfur.

Hljómsveitin fer að tygja sig á svið.

EYVINDUR

Ég þoli ekki hnífa. Það eru bara ragmenni sem nota hnífa. Þegar ég var í Dallas þá reyndi einhver drullusokkurinn að ræna mig. Hann var með hníf en það dugði honum skammt. Ég tók hann af honum og braut á honum handlegginn. Að hverju er þessi heimur að verða þegar menn geta ekki lengur gert út um sín mál með hnefunum?

MARÍA

Hvað varstu að gera í Dallas?

EYVINDUR

Skoða Southfork og hitta J.R.

MARÍA

Ha?

EYVINDUR

Bestu sjónvarpsþættir sem hafa verið gerðir. Sýna lífið eins og það er í raun og veru. Maðurinn er í eðli sínu illur og ef hann fær tækifæri til að traðka á einhverjum þá gerir hann það. Ég á alla þættina á spólum.

MARÍA

Fórstu alla leið til Dallas til að skoða leikmynd í sjónvarpsþætti?

EYVINDUR

Þetta er ekki leikmynd. Þetta er raunverulegur búgarður. Einu sinni í mánuði gat maður hitt sjálfan J.R. þar og tekið í höndina á honum en maður varð að panta tíma með margra mánaða fyrirvara.

HARPA DÍS

Ætlarðu að vera í þessum kassa í allt kvöld? Hvað ertu eiginlega búinn að eyða miklu?

JÖKULL

Bíddu aðeins. Það er einn stór að koma.

HARPA DÍS

Hvernig veistu það?

JÖKULL

Fyrst kom enginn lengi vel svo komu þrír litlir. Þegar það gerist þá koma oft stórir.

HARPA DÍS

Ertu algjör sérfræðingur í þessu?

JÖKULL *syngur*

Fimmtíukallar úr vasanum fljúga
fímlega inn í rifuna smjúga
gefðu mér breik - ó guð, ég vil trúá
Gæfuhjólið snýst, snýst, snýst
Næri ég óra um vinningin stóra
Gæfan - sú hóra - hvað er hún að slóra?
Fæ ég hér það sem mér ber? - ása fjóra!
Ég held það sé víst, víst, víst

Gæfuhjólið snýst, snýst, snýst

Áhættufjármagni er hætt á veðskuldin' er bætt
fram í rauðan dauðann er klinkinu blætt
að engu er gætt í óvissu er ætt
(gæfuhjólið snýst, snýst, snýst)
Sveittur ég þrái heitt að geta grætt
og taugin er titrandi þanin og tætt
en ég ræð ekki við mig - get ekki hætt
ég vinn það er víst, víst, víst

Gæfuhjólið snýst, snýst, snýst

Heppnin lýtur lágt, ég uppsker fátt og smátt
með höktandi hjartslátt - það nær engri átt
ef ég hrepp'ekki brátt einn happadrátt
grátt er ég leikinn, á bágt - fallið verður hátt
Einu sinni enn - ég mun fljúg'eða falla á skalla
hinsti fimmtíukallinn hann bregst mér varla
smelli í rifu með skelli mun hann falla
falla til hinna svo fæ ég þá alla

Ég vinn það er víst, víst, víst
Gæfuhjólið snýst, snýst, snýst

Spilakassinn gefur vinning og spilar lagstúf.

HARPA DÍS

Vaaaaá!

JÖKULL

Jess! Ég vissi það.

HARPA DÍS

Þú ert rosalegur. Komdu á barinn og eyðum þessu.

JÖKULL

Ókei! Heyrðu! Hvað heitirðu? Ég veit ekki einusinni hvað þú heitir.

HARPA DÍS

Harpa Dís.

JÖKULL

Happadís!

HARPA DÍS

Nei! Harpa Dís.

JÖKULL

Þú ert happadísinn mín.

HARPA DÍS

Happa Dís! Það hefur enginn sagt neitt svona fallett um mig.

JÖKULL

Hvílík heppni að ég skyldi koma hingað. (*þögn*) Heyrðu! Mér finnst ekkert stuð hérna. Eigum við ekki að fara eitthvað annað?

HARPA DÍS

Er ekki í lagi að vera hérna? Hvert viltu fara?

JÖKULL

Heim til mín eða heim til þín.

HARPA DÍS

Hefurðu ekki áhuga á neinu nema að ríða mér?

INDRIÐI

Passaðu þig! Þú drekkur of hratt.

SIGRÍÐUR

Hvað ætli þetta fólk geri? Á daginn meina ég.

INDRIÐI

Sjálfsgat ekki neitt. Þetta vinnur ekki. Það fær atvinnuleysisbætur, örorkubætur, barnabætur og húsaleigubætur. Og það erum við, breiðu bökin, sem borgum.

ÓLÖF *kemur að borðinu*

Má bjóða ykkur eitthvað? Viljiði sjá matseðilinn?

SIGRÍÐUR

Nei takk. Ómögulega

ÓLÖF

Ég hef ekki séð ykkur hérna áður. Hjartanlega velkomin á Nátthrafninn.

SIGRÍÐUR

Takk.

ÓLÖF

Við hérna á Nátthrafninum erum eins og ein stór fjölskylda. Kúnninn alltaf í fyrirrúmi það er okkar mottó. (*þögn*) Þið hóið í okkur ef ykkur vanhagar um eitthvað. (*fer*)

INDRIÐI

Eins og ein stór fjölskylda! Féleg fjölskylda það!

SIGRÍÐUR

Mér fannst hún reglulega almennileg. (*þögn*) Ég er að velta því fyrir mér hvort svona menningarkimi væri ekki gott rannsóknarefni. Það væri kannski hægt að fá styrk frá Evrópusambandinu til að gera samanburðarrannsóknir á öðrum menningarkimum eins og til dæmis hafnarkrá í Hull, hassbar í Haag eða vændishúsi í Vín. Setja rannsóknina í Evrópusamhengi menningarkimalega séð.

INDRIÐI

Stofnunin myndi styðja það. Auðvitað að því tilskyldu að fyllsta öryggis væri gætt.

GÓGÓ gengur framhjá borðinu og stelur glasi INDRÍÐA.

INDRIÐI

Hún stal glasinu mínu! Kerlingin stal glasinu mínu!

ÓLÖF *kemur inn í eldhúsið*

Hvað eruð þið að hugsa? Það er enginn á barnum. Farðu fram Lolla!

LOLLA

Ég var á leiðinni. (*flýtir sér fram í salinn*)

ÓLÖF

Ég er að hugsa um að gera smábreytingar á staðnum.

GEDDI

Nú? Eina ferðina enn. Hvaða breytingar?

ÓLÖF

Bara. Eitthvað með meiri klassa.

GEDDI

Ekki mun af veita.

ÓLÖF

Af hverju ertu alltaf svona neikvæður?

Barnið kjökrar

ÓLÖF

Hvað var þetta?

VEIGA BJÖRG

Þetta eru bara kettirnir. Þeir sækja svo í ruslið.

ÓLÖF *við Gedda*

Ég ræði þetta betur við þig á eftir. (*fer fram í salinn*)

JÖKULL geispar.

HARPA DÍS

Hva? Ertu syfjaður?

JÖKULL

Nei. Ég er ekki vanur að drekka svona mikið.

HARPA DÍS

Það væri hægt að finna eitthvað til að hressa sig við. Ef maður á pening.

JÖKULL

Hvað meinarðu? Eiturlyf?

HARPA DÍS

Einhvern smá hressi.

JÖKULL

Ég veit ekki hvort mig langar í svoleiðis

HARPA DÍS

Þú gætir keypt handa mér. Viltu ekki að ég sé góð við þig?

JÖKULL

Ég veit ekki hvar ég ætti að kaupa dóp.

HARPA DÍS

Skömbó getur reddað því. Ha? Gerðu það?

LOLLA

Hvað er að fréttu af mömmu?

HARPA DÍS

Það veit ég ekkert um.

LOLLA

Hefurðu ekkert farið heim?

HARPA DÍS

Nei.

LOLLA

Hvar hefurðu þá verið?

HARPA DÍS

Hei. Ég er ekki lengur fimm ára. Þú þarft ekkert að vera að passa mig.

HALLA kemur út um bítibúrsdyrnar. Henni bregður þegar hún sér GEDDA og VEIGU BJÖRG.

HALLA

Hvar eru klósettin eiginlega?

GEDDI

Mín er heldur betur að villast.

HALLA

Eru þau ekki hérna einhversstaðar.

GEDDI

Þau eru frammi.

KETILL kemur út um bítibúrsdyrnar.

GEDDI

Annar villuráfandi sauður. Ketill minn, pissaðu bara í vaskinn eins og venjulega.

KETILL

Æ, haltu kjafti.

KETILL fer inn í salinn og á sviðið með hinum hljómsveitarmeðlimunum.

VEIGA BJÖRG *klæðir sig í kápu*

Jæja ætli það sé ekki best að fara að koma sér. Hann Alli minn verður að fá kvöldkaffið sitt, hann er að keyra í nótt.

GEDDI

Getur hann ekki fengið sér kaffi sjálfur?

VEIGA BJÖRG

Hann Aðalsteinn Guðmundsson. Ég skal segja þér eitt, að ef eitthvað kæmi fyrir mig og ég skilaði mér ekki heim til að elda oní hann þá myndi hann drepast við eldhúsborðið.

GEDDI

Þú hefur ekki alið hann nógu vel upp.

VEIGA BJÖRG

Það er of seint að kenna gömlum hundi að sitja rétt. (*þögn*) Hvernig hefur Ragnar það?

GEDDI

Það er allt við það sama. Hann getur ekkert hreyft sig og ekkert talað. Stundum finnst mér þó eins og hann þekki mig og ég reyni að tala við hann. Um okkur aðallega. Svo hann fari með góðar minningar héðan.

VEIGA BJÖRG

Það er þá engin von.

GEDDI

Von? Hvernig er hægt að tala um von þegar menn geta ekki einu sinni farið virðulega. Ósjálfbjarga, mállausir og ekki holdtægja á líkõmunum. Og svo þessi undrun í svipnum. Eins og þeir séu að hugsa: Þetta er ekki að gerast. Þetta er ekki að koma fyrir mig. Það er engin ástæða fyrir mig að deyja núna.

VEIGA BJÖRG

Eitt sinn skal hver deyja. (*þögn*) Jæja. Ég sé þig á eftir. (*fer*)

GEDDI

Bless á meðan. (*syngur*)

Kvöldið hefur alið af sér kvæði

hvíslað úti myrkrið leyndardóm
að líf vort það sé líkt og örstutt æði
og langvinnt stríð við dauðans hola róm

Gef að daufum heyrir hörpusláttur
hjálpa blindum ástvinum að sjást
Seg mér hvernig ég á að vera sáttur -
sætta mig við það að deyja úr ást?

Án þín verð ég hvorki heill né hálfur
- harpa rúin strengja sinna klið
Einn ég bý við heimsins glys og gjálfur
en get ei fundið neitt að gleðjast við.

Gef að daufum heyrir hörpusláttur
hjálpa blindum ástvinum að sjást
Seg mér hvernig ég á að vera sáttur -
sætta mig við það að deyja úr ást?

GÓGÓ við hljómsveit

Þið voruð alltaf á Borginni í gamla daga.

SVENNI

Það var nú ekki í þinni tíð gamla mín.

GÓGÓ

Þið voruð alltaf svo hressir og skemmtilegir. Heyriði! Kunnið þið ekki lagið þarna..
æ.. hvernig var það aftur? Þið vitið.. þarna.. gömlu dagarnir, gamli hópurinn minn eða
eitthvað svoleiðis.. það er svona: tra la la la la. (*raular áfram*)

SVENNI

Hvaða fornripur er þetta?

EYVINDUR

Var verið að viðra hana?

HALLA

Hvað er þetta maður? Má maður aðeins bregða sér frá?

EYVINDUR

Heldurðu að ég sé einhver hálfviti. Heldurðu að ég sjái ekki hvernig þú lætur utan í
hljómsveitinni? Hverjum varstu að ríða?

HALLA

Nei, nú er mér nóg boðið. Ég er farinn.

EYVINDUR

Enda búin að fá þitt, hóran þín. Hver var það? Ég skal drepa hann. (*hann æðir yfir
gólfið að hljómsveitarpallinum*)

HALLA

Eyvindur! Eyvindur! Hættu þessu maður.

EYVINDUR

Ég skal bara kenna ykkur að vera ekki að kássast upp á annarra manna jússur.

EYVINDUR ryðst upp á sviðið og slær SVENNA í gólfíð. KETILL forðar sér en ÖMMI stendur upp.

ÖMMI

Hvað ertu að gera maður?

GÓGÓ

Afhverju eruð þið alltaf að slást. Við eigum að vera vinir.

GEDDI kemur hlaupandi og grípur utan um EYVIND aftan frá þannig að hann heldur handleggjum hans niður með síðunum. Þannig ber hann EYVIND í átt til dyra. ÓLÖF hleypur á eftir honum.

GEDDI

Hvað á ég að gera við hann? Á ég að henda honum út eða ætlaðu að hringja á lögguna?

ÓLÖF

Enga löngu.

GEDDI

Þú verður að fara að taka snöggar ákvarðanir. Þessi stöðugu slagsmál eru að gera út af við ímynd mína.

EYVINDUR úr honum allur vindur

Slepptu mér. Ég skal ekki gera neitt.

GEDDI

Þú lofar því.

EYVINDUR

Ég lofa því.

HALLA

Eyvindur! Nú förum við heim.

EYVINDUR

Ég kýldi þó helvítið.

GEDDI sleppir Eyvindi

Samkvæmt vestráhefðinni þá skaustu píanóleikarann.

EYVINDUR

Ha? Hvað áttu við? (*rennur upp fyrir honum ljós*) Var það ekki hann?

HALLA

Þú ert ekki húsum hæfur.

EYVINDUR

Ég vil fá að biðja hann afsökunar. Ég lem ekki saklausa menn án þess að biðja þá afsökunar. (*kallar*) Heyrðu þú! Píanóleikari! Fyrirgefðu fjórtán sinnum.

ÓLÖF

Er ekki allt í lagi núna? Slappiði nú bara af og fáðið ykkur meira að drekka.

HALLA

Það er alltaf jafn ofboðslega skemmtilegt að skemmta sér með þér. Þú getur ekki litið í glas án þess að verða mér og sjálfum þér til skammar. Og ég skal bara segja þér það, Eyvindur Jónsson, að ég hef ekki sagt mitt síðasta orð.

HALLA dregur EYVIND með sér og þau setjast við borð, afsíðis. SVENNA er hjálpað inn í eldhúsið. Hljómsveitin og ÓLÖF stumra yfir honum.

JÖKULL

Sá verður með skrautlegt glóðarauga á morgun. Kúrekinn kann heldur betur að heilsa að sjómannasið.

HARPA DÍS

Við getum kannski reddað kóki. Eða alsælu. Það er ofboðslega gott að ríða á alsælu.

JÖKULL

En er það ekki hættulegt?

HARPA DÍS

Er lífið ekki hættulegt?

JÖKULL

Nú þarf ég sko að míga (*fer á klósettið*)

SKÖMBÓ

Hvernig gengur með hann?

HARPA DÍS

Hann er farinn að éta úr lófanum á mér.

SVENNI

Sér mikið á mér?

KETILL

Þetta verður rosasjæner maður!

SVENNI

Já, þakka þér fyrir hjálpina.

KETILL

Hei! Þetta er bara áhætta sem fylgir starfinu.

ÖLÖF *skoðar andlit Svenna*

Þetta er ekkert.

JÖKULL gengur að barnum til SKÖMBÓS og HÖRPU DÍSAR.

JÖKULL

Jæja! Eru ekki allir hressir?

SKÖMBÓ

Við erum þvítíkt hress að það er ekkert venjulegt.

HARPA DÍS

Alltaf til í allt nema giftingu og sjálfsmorð.

SKÖMBÓ

Við höfum verið að ræða málin við Harpa Dís.

JÖKULL

Nú já?

SKÖMBÓ

Við erum með smá dæmi í gangi sem hægt væri að græða vel á. Smá bisniss skilurðu. Og af því þú ert svo helvíti almennilegur gæi þá vorum við að spá í að leyfa þér að vera með.

JÖKULL

Mér? Ég hef ekkert vit á bisniss.

SKÖMBÓ

Það skiptir engu. Við Harpa Dís sjáum um allt. Þú þarft bara að leggja til smákapítal og getur grætt helling.

JÖKULL

Er það eitthvað ólöglegt?

SKÖMBÓ

Löglegt, ólöglegt! Við skítum á svoleiðis, við erum víðsýnir menn er það ekki? Athafnamenn mega ekki láta boð og bönn stoppa sig. Þá yrðu engar framfarir.

HARPA DÍS

Gerðu það vertu með. Þú ert ekki svo mikill aumingi að þú þorir ekki að vera með er það?

SVENNI

Einusinni þegar við vorum að spila í Aratungu fékk ég flösku í hausinn. Ég spilaði allt kvöldi með blóðið lagandi niður í augun á mér og ég sá ekki neitt. Þið hefðuð átt að sjá herfuna sem ég vaknaði hjá um morguninn.

GÓGÓ *kemur inn í eldhúsið*

Ég bara trúí því ekki að þið ætlið ekki að spila þetta lag fyrir mig.

KETILL *tekur fram banjóinn*

Hvernig var það aftur?

GÓGÓ *syngur*

Bjössi og Kalli brutust inní sjoppu
bísuðu þar ýmsu og komu í verð
þeir höfðu hörkustíl - hringdu í góðan bíl
og hjálpsamir þeir óku mér í meðferð

Siggi náðist úti að díla dópi
og dúsa þarf í djeili það var og
hljóp ekki nógu hratt - hrasaði og datt
og handjárnaður fluttur var á Vog

Kata hún náði sér í kallmann
kana - liðsforingja af bestu gerð
hún kom því um kring - krækti sér í hring
kyssti mig svo bless og fór í meðferð

Einhvern tíma hittumst við öll aftur
alveg laus við tremma, þynnk'og flog
ég tek mitt hinsta hopp - hengslast um á slopp
í himnarík í líkingu við Vog

EYVINDUR

Er ég ekki húsbóndi á mínu heimili?

HALLA

Æ góði byrjaðu ekki á þessu. Þú veist hvernig það endar.

EYVINDUR

Ég fæ mér vinnu í landi. Bíddu bara!

HALLA

Guð minn góður! Og þetta líka. (*þögn*) Ég ætla á barinn. Vilt þú eitthvað?

EYVINDUR

Viskí.

HALLA fer á barinn. GÓGÓ sest við borð INDRÍÐA og SIGRÍÐAR.

GÓGÓ

Voðalega eruð þið falleg elskurnar mínar.

SIGRÍÐUR

Pakka þér fyrir.

GÓGÓ tekur glas Indriða

Má ég ekki fá sopa hjá þér. (*svelgir stórum*)

INDRÍÐI

Hvað ertu að gera? Komdu með glasið!

GÓGÓ

Þú getur sjálfur keypt þín glös.

JÖKULL

Hvað þurfið þið mikið?

SKÖMBÓ

Ekkert mjög mikið. Svona hálf millu. Til að byrja með.

JÖKULL *hlær*

Ég á ekki svo mikinn pening.

HARPA DÍS

En vinningurinn?

JÖKULL

Já vinningurinn. Það var ekki.. Ég.. Sko.. ég mátti velja þrisvar og fyrst þegar ég valdi þá fékk ég 250 þúsund.

HARPA DÍS *óþolinmóð*

Já.

JÖKULL

Ég meina.. það var möguleiki á að fá þrjár milljónir svo ég valdi aftur.

SKÖMBÓ

Sko minn mann. Sýnir djörfung og dug. Hvern djöfulinn getur maður gert fyrir tvö hundruð og fimmtíukall hvort sem er? Hvað fékkstu þá?

JÖKULL

Hálfa milljón.

SKÖMBÓ

Minn maður!

JÖKULL

Ég hélt áfram.

HARPA DÍS

Fékkstu þrjár millur?

JÖKULL

Nei.

HARPA DÍS

Tvær?

JÖKULL

Nei.

HARPA DÍS

Eina? Hvað fékkstu mikið? Reyndu nú að koma því út úr þér.

JÖKULL

Fimmtú þúsund.

HARPA DÍS

Fimmtú þúsundkall! Djöfulinn ert þú þá að þykjast eiga fullt af pening þegar þú átt ekki neitt?

JÖKULL

Ég sagði ekki neitt um það.

HARPA DÍS

Þú lést mig halda það helvítið þitt. Svo áttu bara skitinn fimmtúþúsundkall.

JÖKULL

Ert þú ekki búin að vera að drekka fyrir hann?

HARPA DÍS

Farðu til andskotans. Þú ert búinn að eyðileggja allt.

JÖKULL

Farðu til andskotans sjálf.

SKÖMBÓ

Ég hef aldrei vitað aðra eins eigingirni. Ha! Hugsaðu þér, ef þú hefðir gert þetta almennilega hefðirðu reddað málunum fyrir okkur Hörpu Dís. Ha! Og þig líka. Ég meina: Hugsarðu ekki um neitt nema sjálfan þig?

JÖKULL

Ég var bara óheppinn. Ef ég hefði unnið..

SKÖMBÓ

Haltu kjafti! Hvað áttu mikið eftir?

JÖKULL

Ég veit það ekki. Ég er búinn að vera í kassanum..

JÖKULL tekur upp veski og ætlar að líta í það en SKÖMBÓ hrifsar það af honum. Hann dregur nokkra þúsundkalla upp úr því og hendir því síðan aftur í JÖKUL.

SKÖMBÓ

Er þetta allt og sumt? Það er alveg magnað með svona strákaumingja eins og þig ef þeir komast í eitthvað svona. Ha! Þeir halda að þeir séu svo helvíti merkilegir og fá blóðbragð í munninn og klúðra öllu. Nú skaltu drulla þér og skammast þín fyrir græðgina. Ha! Já, drullaðu þér!

JÖKULL ætlar að fara. HALLA kemur aðvífandi með glös, rekst á JÖKUL og víníð hellist yfir hann.

HALLA

Guð! Fyrirgefðu!

JÖKULL

Þetta er alt í lagi.

HALLA

Við verðum að ná þessu úr. Komdu með mér inn á klósett.

JÖKULL

Ég má ekki vera að því. Ég er að fara.

HALLA

Komdu nú. Annars kemur blettur í jakkann þinn.

HALLA teymir JÖKUL inn á salernin.

GÓGÓ

Á hann pening?

SIGRÍÐUR

Eitthvað á hann af peningum.

INDRIÐI

Hvað ertu að segja manneskja?

GÓGÓ

Þeir eiga að fá að blæða þessir andskotar. Þeir eru ekki of góðir til þess að borga brúsann. Hva..? Ekkert eftir í þessu glasi.

SIGRÍÐUR

Má bjóða þér annað. Indriði! Farðu á barinn!

INDRIÐI

Ert þú að ganga af göflunum?

SIGRÍÐUR

Til hvers komum við hingað? Eigum við ekki að reyna að skemmta okkur?

GÓGÓ

Farðu á barinn og reyndu að gera eitthvað gagn. Við stelpurnar þurfum aðeins að ræða saman.

INDRIÐI fer á barinn.

INDRIÐI

Ég ætla að fá þrjá bjóra. Viltu gjöra svo vel að fara með þá á borðið þarna hinumegin.

GEDDI

Þrír bjórar! Eitthvað fleira?

INDRIÐI

Hvar er salernið?

GEDDI bendir í átt til salerna. SKÖMBÓ fylgist með honum borga.

SKÖMBÓ

Menn bara úti á lífinu?

INDRIÐI

Ha? Já. Roknastuð hérna. Kemurðu oft hingað?

SKÖMBÓ

Vantar þig eitthvað?

INDRIÐI

Nei nei. Ég er góður með bjórinn.

SKÖMBÓ

Nei. Ég meina.. Vantar þig eitthvað?

INDRIÐI

Eitthvað, hvað?

SKÖMBÓ

Stuð, spítt, sama hvað það er. Ég get reddað því.

INDRIÐI

Nei nei. Mig vantar ekkert slíkt.

SKÖMBÓ

Nú? (*þögn*) Ertu að leita að tölvunni þinni? Ég get reddað því líka.

INDRIÐI

Mig vanhagar ekki um neitt.

HALLA og JÖKULL koma út af salerni.

HALLA

Ég verð að fá að bjóða þér í glas elskan.

JÖKULL

Nei takk. Ómögulega.

HALLA

Mínna má það nú ekki vera.

INDRIÐI fer á klósettið. Meðan INDRIÐI situr þar rænir SKÖMBÓ hann. SKÖMBÓ stingur höndinni undir hurðarspjaldið á salernisklefanum og fiskar veskið úr buxnavasa INDRIÐA. SKÖMBÓ tæmir veskið og hendir því út í horn.

HALLA við Gedda

Tvo viskí og romm og kók.

HALLA dregur JÖKUL með sér að borðinu til EYVINDAR.

EYVINDUR

Hvaða tittur er þetta?

HALLA

Eyvindur! Góði vertu ekki svona dónalegur við drenginn. Ég hellti yfir hann og ég ætla að gefa honum í glas.

GEDDI setur bjórana á bakka og fer með þá til SIGRÍÐAR og GÓGÓ. Afgreiðir síðan HÖLLU. Hann þjónar á meðan lagið er flutt.

GEDDI syngur

Aha ha ha ú ég býð þér bjór í krús
Aha ha ha ú heimabruggað bús
Skellt'ér út úr skápnum - sýndu réttan lit
droppað' öllum hömlum - drekktu burt allt vit
aha ójú þú elskar djamm og djús

Fullur eins og ráðherra í sæluvímu svíf
þú opnast eins og rós ert ei lengur stíf
við erum út úr heiminum - þú heillar mig
vinnufélagarnir mynd'ei þekkja þig
aha ójá þetta er hið ljúfa líf

Aha ha ha ó er þér um og ó?
Aha ha ha ó færðu aldrei nóg?
Ef þú spyrð mig vina þá get ég ábyrgst eitt
á morgun er þú vaknar þá manstu ekki neitt
Aha ó þú verður slöpp og sljó

ALLIR

Aha ha ha hið ljúfa líf
o.s.frv.

GÓGÓ

Það verður að taka þá föstum tókum, þetta eru svo miklir vinglar. Ef þeir eru ekki látnir borga fyrirfram þá gleyma þeir því. Nú er ég bara að tala um þá sem eru í lagi. Ég hef alltaf passað mig á því að halda skíthælunum í hæfilegri fjarlægð. Ha! Mundu það. Varaðu þig á skíthælunum.

INDRIÐI *lágt*

Ég var rændur.

SIGRÍÐUR

Hún á sér alveg stórmerkilega sögu þessi kona. Hún er einstakt dæmi um hvernig konan verður fórnarlamb aðstæðnanna.

GÓGÓ

Ég gerði aldrei neitt sem ég vildi ekki.

INDRIÐI *hvíslar*

Ég var rændur.

SIGRÍÐUR

Hvað ertu að muldra maður?

INDRIÐI *stundarhátt*

Ég var rændur!

GÓGÓ

Nú er þetta orðið leiðinlegt. (*færir sig*)

SIGRÍÐUR

Ætlarðu ekkert að gera í þessu maður?

INDRÍÐI

Komum okkur út hédan. Svo hringjum við á lögregluna.

SIGRÍÐUR *kallar til Ólafar*

Þú þarna! Komdu hingað!

INDRÍÐI

Ertu orðin vitlaus manneskja. Þetta lið stendur allt saman.

ÓLÖF

Get ég eitthvað aðstoðað?

SIGRÍÐUR

Veskinu hans var rænt.

ÓLÖF

Veskinu? Hefur hann ekki bara týnt því? (*við Indriða*) Hvar varstu með það síðast?

INDRÍÐI

Við barinn. Svo fór ég á salernið.

ÓLÖF

Lolla! Þessi maður hefur týnt veskinu sínu. Leitaðu að því! (*við Indriða*) Voru einhverjir peningar í því?

INDRÍÐI

Það voru peningar og greiðslukort.

ÓLÖF

Menn hafa þetta nú ekki alveg á hreinu þegar þeir eru í glasi.

LOLLA leitar skamma hríð uns hún finnur veskið og réttir INDRÍÐA það.

LOLLA

Er þetta veskið?

INDRÍÐI

Það er tóm.

ÓLÖF

Varstu bara ekki búinn að eyða peningunum?

INDRÍÐI

Ég hefði aldrei átt að koma inn í þetta ræningjabæli.

ÓLÖF

Ertu að þjófkenna kúnnana mína. Geddi hentu þeim út.

GEDDI

Er nokkuð vit í því?

ÓLÖF

Út með þau!

GEDDI

Þessa leið! Ef þið vilduð gjöra svo vel.

SIGRÍÐUR

Þú átt eftir að heyra frá okkur. Eða lögreglunni.

ÓLÖF

Ég sá strax hverskonar skítapakki þið voruð. En þið leikið ekki á mig. Ég sé í gegnum ykkur. Þið hafið ekkert fé af mér.

INDRÍÐI

Fé af þér! Það var ég sem var rændur!

GEDDI ýtir INDRÍÐA og SIGRÍÐI út.

ÓLÖF við Skömbó.

Ef ég kemst að því að þú sért að ræna kúnnana þá ferð þú í ævilangt straff

SKÖMBÓ

Ég! Ég gerði það ekki.

ÓLÖF

Láttu mig fá restina.

SKÖMBÓ tekur bréfið upp úr vasanum og réttir henni.

HARPA DÍS

Varstu með eitthvað? Af hverju gafstu mér ekki neitt?

SKÖMBÓ

Slappaðu af. Ég bísaði dálitlu fyrir þig. Þú færð á eftir.

Sími SKÖMBÓS hringir

SKÖMBÓ

Halló!.. Hver er þetta?.. Bói? Ég var einmitt að fara að hringja í þig.. Heyrðu! Bói minn.. Já ég veit það Bói minn.. Ég veit það.. Já.. Já.. Já.. Ég kem á eftir Bói minn og borga þér, ég er með smá mál í gangi.. Já. ég er að fara að leggja af stað.. Já, auðvitað legg ég af stað núna.. Blessaður Bói minn.. Ha?.. Nei auðvitað ertu ekki Bói minn.. Já.. Sé þig. (*slekkur á símanum. Hann er verulega skelkaður. Við Hörpu Dís*) Þetta var Bói.

HARPA DÍS

Minna mátti nú heyra.

SKÖMBÓ

Hann var að spyrja mig að því hvað ég kæmist af með margar tær. (*þögn*) Hann vill fá peningana.

HARPA DÍS

Núna?

SKÖMBÓ

Núna. Í kvöld.

HARPA DÍS

Hvað ætlarðu að gera?

SKÖMBÓ

Ég? Við. Við verðum að gera eitthvað.

HARPA DÍS

Ég? Ég skulda honum ekkert.

SKÖMBÓ

Þú varst ansi liðtæk við að klára dópið hans.

HARPA DÍS

Þú gafst mér það.

SKÖMBÓ

Í þessum heimi er ekkert frítt. Það ættirðu að vera farin að læra. (*þögn*) Ætli við verðum ekki að létta á nokkrum fylliröftum. Geyma veskin fyrir þá, skilurðu. Sko! Við spottum einhvern sem er blindfullur og þú stoppar hann og biður um eld.

HARPA DÍS

En þeir þekkjja mig aftur.

SKÖMBÓ

Hvað heldurðu að þeir muni? Við veljum þá bara nógu fulla. (*syngur*)

Þei - það suðar, niðar, í eyrum þýtur
þreytt mitt blóð og heitt og fullt af eitri
Skrýddur huliðsvoð úr húmi nætur
hljóðlátur að fórnarlambi leita

KÓR

Nóttin hún er nálæg þeim sem vakir

HARPA DÍS *syngur*

Og tunglið það er einsog tileygð glyrna

sem trónir full og blóðhlaupin á himni
Skaðvænleg og veður djúpt í skýjum
og skuggamyndum yfir heiminn kastar

KÓR

Og nóttin nú í nöðrumynd hún bíður

MARÍA *syngur*

Í nótt fer gamalt níðkvæði á kreik
sem næstum því nær tímanum í aldri
Sem barn án þanka bregður það á leik
og breytir veröld manns með svörtum galdri

KÓR

Og nóttin hún mun nærast vel á hatri

SKÖMBÓ *syngur*

Höndin hvílir styrk á hjöltum brandsins
sem hulinn er í skykkju úr næturhúmi
Í skuggasundi stend með veiðiskjálfta
og skima eftir bráð í svörtu myrkri

KÓR

Í nótt, í nótt, í nótt, mun einhver deyja

SKÖMBÓ og HARPA DÍS fara. Það er líka fararsnið á JÖKLI.

MARÍA *við Jökul*

Þú hefur sloppið frá þeim.

JÖKULL

Ég veit ekki hvort ég er sloppinn. Ég hélt hann ætlaði að drepa mig.

MARÍA

Hann er rosalega afbrýðisamur en ég efast um að hann fari að drepa neinn.

JÖKULL

Afbrýðisamur?

MARÍA

Hann rústaði Svenna. Píanóleikaranum.

JÖKULL

Já! Þú meinar þau. Þau eru skrautleg. Maður er nú bara tekinn í landhelgi..

MARÍA

Ég hélt ég ætlaði aldrei að losna.

GÓGÓ er dauð fram á borðið. Hún hrynur niður af stólnum og JÖKULL og MARÍA reyna að rétta hana við.

MARÍA

Parf ekki að reyna að koma henni heim?

LOLLA

Hún er von að bjarga sér sjálf. Það er eins og hún sé með ratara - alltaf kemst hún heim þó hún sé hálfbrænulaus. Get ég fært ykkur eitthvað?

GÓGÓ

Komdu fagnandi elskan.

JÖKULL

Nei takk.

MARÍA

Bara vatnsglas fyrir mig.

GÓGÓ

Og ætlarðu að nota það innvortis? Hahaha. Var þetta ekki fyndið? Afhverju hlær enginn? Við eigum að vera glöð. Af hverju erum við ekki glöð? (*fer að gráta*)

MARÍA

Svona svona. Ekki gráta.

GÓGÓ

Yfir hverjum djöflinum ætti ég sosum að vera að gráta. Núna er ég full. Og ég get farið í meðferð þegar ég vil. Yfir hverju ætti ég þá að gráta?

MARÍA

Viltu að ég hjálpi þér að komast heim?

GÓGÓ

Sú var tíðin að ég fór aldrei að heiman. Menn komu til mín, færandi hendi. Með vín og mat og blóm, og pelsarnir maður lifandi. Einn gaf mér útvarp af því ég leyfði honum að liggja yfir nótt. Fínir strákar allt saman. (*leggst fram á borðið*)

MARÍA eins og við sjálfa sig

Bús, pillur og fálmandi karlmenn í réttum hlutföllum og maður er orðin eins og hún áður en maður veit af.

JÖKULL horfir undrandi á Maríu

Ha?

LOLLA við Jökul

Var Harpa Dís eitthvað að hræra í þér?

JÖKULL

Hvað meinarðu?

LOLLA

Ég meina bara að hún er algjör píka. Þó þetta sé systir manns þá verð ég bara að segja það. Hún eyðileggur allt í kringum sig.

JÖKULL

Kvenfólk! Ég botna ekkert í því.

LOLLA fer inn í eldhúsið. Barnið grætur. Hún ruggar barnavagninum þangað til það hættir.

HALLA kemur að borðinu

Hvað ræðið þig svona merkilegt?

GÓGÓ

Strákgreyið hefur víst engan séns.

HALLA

Hvaða vitleysa. Svona sætur strákur. (*við Maríu*) Finnst þér hann ekki sætur?

MARÍA

Ha? Jújú.

HALLA

Þú ættir ekki að vera í neinum vandræðum með að ná þér í stelpu.

JÖKULL

Látið ekki svona. Hvað er að ykkur?

EYVINDUR kemur að borðinu

Þessi stelpa hefur rödd eins og engill. Hún er himneskt viðtæki. Hún getur fangað hörpuslátt englanna og endurómað honum. En hvað heyrum við? Ekki rassgat!

HALLA

Eyvindur minn! Það hefur ekki nokkur maður áhuga á þessu. Og ef þú byrjar með Einar Ben þá er ég farinn.

EYVINDUR

Hún er snillingur. Hún væri heimsfræg ef hún væri ekki á þessu skítalandi..

LOLLA

Nú verður litlikútur að vera góður. Hann má ekki gráta því þá er mamma í vondum málum.

ÓLÖF við *Gedda*

Komdu aðeins með mér inn í eldhús.

GEDDI
Er það mjög áriðandi?

ÓLÖF
Ég þarf að tala aðeins við þig.

GEDDI
Hver á að taka barinn?

ÓLÖF
Lolla. Hvar er stelpuþússan? (*fer inn í eldhúsið*)

GEDDI
Hvaða skýjaborgir er hún nú að byggja? Loftkastala úr hreinum kristal?

ÓLÖF
Lolla! Lolla! Ég drep hana ef hún er stungin af. (*fær sér í nös*)

Barnið kjökrar. LOLLA grípur fyrir vit þess og kæfir kjökrið.

LOLLA
Hvað á ég að gera? Svona svona! Ekki gráta.

ÓLÖF.
Ætli maður geti fengið meindýraeyði á þessi kvikindi?

LOLLA
Svona svona, engillinn hennar mömmu sinnar. Ekki gráta, þá verður mamma svo leið.
Ekki gráta. (*Syngur*)

Sofðu vinur, sofðu rótt
- sælu draumar gefa
Nú er komin niðdimm nótt
- nógu kemur dagur fljótt
og nýjar sorgir að sefa

Úti heyrast voðavein
vetur er í heimi
Menn þér vilja vinna mein
vernd í mömm' er ekki nein
illskan er einatt á sveimi

Þegar vorsins mildi þeyr
þerrar tár á vanga
Þá aldrei grætur unginn meir
- allt það fagra visnar, deyr -
sefur hann svefninum langa

LOLLA kæfir barnið. GEDDI fer inn í eldhús.

ÓLÖF

Ég ætla að mála allan staðinn.

GEDDI

Þá þurfum við ekki að þrifa. Ekki þannig að við gerum það nokkurn tíma hvort eð er.

ÓLÖF

Láta dúka og blóm á borðin.

GEDDI

Eigum við ekki að flagga líka?

ÓLÖF

Fánaborg fyrir framan. Kannski við ættum að hafa veifur með merki staðarins.

GEDDI

Fjarlægja hlandsteininn með hamri og meitli.

ÓLÖF

Auðvitað verðum við að hafa svona, lógó. Kannski svífandi örn.

GEDDI

Eða hrægamm.

ÓLÖF

Nei. Það getur ekki verið örn. Það verður að vera eitthvað lystugt. Framvegis byggjum við á matargestum. (*þögn*) Skemmtiatriðin eru samt aðalmálið. Fólk getur allsstaðar fengið að éta, en það kemur vegna skemmtiatriðanna. Ég byrja á að endurvekja Brimbrotið. Þeir geta verið með dagskrá, þú veist, gömul lög og eitthvað grín inni á milli.

GEDDI

Grín á grín ofan.

ÓLÖF

Stemmingin á staðnum er líka mjög mikilvæg. Þessvegna er nauðsynlegt að starfsfólkið sé með, skilurðu? Hluti af öllusaman, þú veist. Dansi uppi á borðum og svoleiðis.

GEDDI

Þá getum við aldeilis dansað saman í gegnum lífið.

ÓLÖF

Líst þér ekki bara vel á þetta?

GEDDI *hrifningarlaust*

Jújú.

LOLLA kemur í ljós

ÓLÖF

Hvar hefur þú verið? Farðu og passaðu barinn.

LOLLA fer fram. Byrjar að þrifa barinn, þurrka af borðum eða eitthvað þ.h. síðasta verk hennar er að fara út með kúst og fægiskóflu til að sópa fyrir framan.

GEDDI

Ætli það sé ekki best að aðstoða Lollu við lokabrynninguna.

EYVINDUR

Ekki nóg með það að hún geti sungið. Hún hefur líka eitthvað að segja.

GÓGÓ

Alltaf er það eins þegar þeir eru í glasi. Þá hleypur hugsunin niður í þeim.

EYVINDUR

Leyfðu mér að kyssa þig elsku stelpan mín.

HALLA

Láttu stúlkuna vera Eyvindur!

EYVINDUR

Heldurðu að þú hafir einhvern einkarétt á því að hórast?

EYVINDUR reynir að faðma og kyssa MARÍU.

MARÍA

Hættu þessu maður!

JÖKULL

Láttu hana í friði.

EYVINDUR

Nei sko! Er titturinn farinn að rífa sig. Viltu slást?

JÖKULL

Ég er ekki hræddur við þig.

EYVINDUR

Farðu þá út og byrjaðu. Ég kem á eftir.

HALLA

Eyvindur! Nú förum við!

EYVINDUR

Slappaðu af manneskja. Fjörrið er rétt að byrja.

HALLA

Ef þú ætlar að fara standa fyrir slagsmálum eina ferðina enn.. (*fer*)

EYVINDUR

Ég er hættur. Fyrirgefðu Halla. (*við Jökul*) Elsku strákurinn minn. Þú ert ágætur. Fyrirgefður vinur. (*við Svenna*) Og þú líka. Fyrirgefðu. Ég bara missti hnefann í andlitið á þér.

SVENNI í varnarstöðu

Þetta er allt í lagi. Slappaðu bara af.

EYVINDUR

Þið eigið að leyfa stelpunni að syngja meira. Hún er frábær.

JÖKULL

Það er alveg rétt hjá honum. Þú ert alveg frábær.

MARÍA

Besta bakraddasöngkonan í bænum.

JÖKULL

Maður hefði ekki búist við að heyra í þér hérna. Og ekki með þessum köllum.

MARÍA

En þú? Ert þú fastagestur hérna?

JÖKULL

Ég? Nei. Ég bara villtist hingað inn.

MARÍA

Ég er andlitslyfting fyrir staðinn og bandið. Eftir tuttugu ár verð ég enn hérna að syngja Ítalíulagið með Stuðpúðunum eða hvað þeir koma til með að heita. Gamla andlitslyftingin.

JÖKULL

Og ég í spilakassanum. (*þögn*) Heyrðu! Þetta allt að lognast útaf.

MARÍA

Hvað er maður eiginlega að gera hérna?

JÖKULL

Eigum við kannski að taka leigubíl saman?

MARÍA

Já. Komum okkur héðan.

JÖKULL og MARÍA fara. HARPA DÍS kemur inn. Hún er í uppnámi. SKÖMBÓ kemur inn á eftir henni.

SKÖMBÓ

Þetta var allt í lagi. Hvað varstu að æða í burtu?

HARPA DÍS

Var hann dauður?

SKÖMBÓ

Auðvitað ekki.

HARPA DÍS

Andaði hann?

SKÖMBÓ

Hvað heldurðu að ég hafi farið að gá að því?

HARPA DÍS

Þú klúðrar öllu. Það var alveg óþarfi að drepa hann.

SKÖMBÓ

Ætlaðu að láta alla heyra þetta?

HARPA DÍS

Ég fer sko ekki í fangelsi.

SKÖMBÓ

Haltu kjafti!

HARPA DÍS

Hvað var hann með mikið?

SKÖMBÓ

Slappaðu af! (*tekur veski upp úr vasanum og byrjar að tína upp úr því*) Skitinn tvöþúsundkall. Vísakort. Djöfull er það rýrt.

HARPA DÍS

Er það ekki bráðfyndið? Drepa mann fyrir tvöþúsundkall auminginn þinn.

SKÖMBÓ

Hann var ekkert dauður.

GARPUR og YRSA BJÖRG koma inn. Þegar SKÖMBÓ verður þeirra var stingur hann vísakortinu í veskið og lætur það detta á gólfíð.

GARPUR

Hér sé guð! Nei, ætli hann sé nokkuð að þvælast inn á svona staði. Hvað heldur þú Yrsa Björg?

YRSA BJÖRG

Ekki leggja nafn guðs við hégóma.

GARPUR

Annað boðorðið ef ég man rétt. Ef ég klikka á svona tiltölulega saklausu boðorði, hvernig ætli þessum söfnuði takist þá að halda þau sem hafa meira vægi?

ÓLÖF

Það er aldrei neinn djöfuls friður fyrir ykkur. Hvernig á maður að geta rekið fyrirtæki þegar þið fælið burt alla kúnnana. Viljiði bara hypja ykkur út.

GARPUR

Eitthvað var verið að kvarta yfir því að fólki héldist illa á veskjum hérna.

ÓLÖF

Þetta er bara andskotans lögregluríki. Það er ekkert frelsi í þessu landi.

VEIGA BJÖRG kemur inn

YRSA BJÖRG

Frelsi! Þú hefur ekkert með það að gera. Þú myndir örugglega misnota það.

ÓLÖF

Ég þarf andskotans ekkert á ykkur að halda. Út með ykkur fasistarnir ykkar.

ÓLÖF ræðst að YRSU BJÖRG og reynir að ýta henni í átt til dyra. YRSA BJÖRG þrífur í hana og heldur henni fastri.

YRSA BJÖRG

Ég er búin að fá nóg af þér. Þú skalt ekki halda að ég komi hingað oftar en nauðsyn krefur.

VEIGA BJÖRG

Hagaðu þér ekki eins og vitlaus manneskja, Ólöf. Ætlaðu að missa leyfið aftur?

ÓLÖF hættir að brjótast um. VEIGA BJÖRG fer inn í eldhúsið. SKÖMBÓ ætlar að nota uppnámið til að losa sig við veskið. Hann sparkar því burt frá sér en það tekst ekki betur til en að veskið lendir við tærnar á GARPI.

YRSA BJÖRG

Þú skalt vara þig.

GARPUR tekur upp veskið og skoðar það.

Hvað er þetta? Er þetta úr minjagripasafninu þínu Skammkell? (*stingur veskinu í vasann*) Það held ég við höfum eitthvað að spjalla um á stöðinni.

HARPA DÍS hleypur til Yrsu Bjargar

Ég gerði ekki neitt. Hann neyddi mig til að vera með. Hann neyddi mig til þess.

SKÖMBÓ

Djöfulsins tíkin þín! Ég drep þig ef þú kjaftar!

SKÖMBÓ stendur upp til að gera alvöru úr hótun sinni eða flýja. GARPUR sprautar táragsi í augu SKÖMBÓS sem rekur upp sársaukavein og síðan járna þau YRSA BJÖRG hann.

YRSA BJÖRG

Það verður einhver bið á því að þú drepir einhvern.

GARPUR

Nú er það bara bílnúmeragerðin á næstunni.

YRSA BJÖRG *sleppir Ólöfu*

Komdu nú Harpa Dís. Það verður gott fyrir þig að létta á þér.

GARPUR og YRSA BJÖRG fara með SKÖMBÓ og HÖRPU DÍS. LOLLA kemur inn með kúst og fægiskóflu

ÓLÖF *við Lollu*

Ég er búin að fá nóg af þér. Þú ert rekin. (*hleypur á eftir lögreglumönnum*) Hvert eruð þið að fara með hann fasistarnir ykkar?

LOLLA fer inn í eldhús.

VEIGA BJÖRG *gengur að vagninum*

Jæja. Er litli maðurinn búinn að vera góður?

LOLLA

Hann sefur.

VEIGA BJÖRG

Lolla! Hvað hefurðu gert?

LOLLA

Nú getur enginn tekið hann frá mér.

VEIGA BJÖRG

Lolla!

LOLLA

Uss! Ekki vekja hann. Ég var svo lengi að svæfa.

VEIGA BJÖRG

Þú kemur með mér heim Lolla mín. Við getum ákveðið seinna hvað við gerum.

VEIGA BJÖRG tekur utan um LOLLU og leiðir hana af stað.

LOLLA

Við getum ekki skilið hann eftir. Hann verður svo hræddur ef hann vaknar einn.

VEIGA BJÖRG og LOLLA taka barnavagninn og fara út bakdyramegin.

ÓLÖF

Hei! Hvað er um að vera? Var einhver að missa mömmu sína? Þetta er eins og jarðarför. Kvöldið er ekki búið. (*við hljómsveit*) Eruð þið hættir að spila? Spiliði! Nú verður stuð sem aldrei fyrr!

EYVINDUR

Það er engin þjónusta í þessari búllu.

HALLA kemur inn

Eyvindur! Bíllinn er kominn.

ÓLÖF

Ykkur liggur ekkert á. Barinn er opinn. Geddi! Taktu pöntun hjá þessu fólki.

EYVINDUR

Voðalega liggur þér á kona.

HALLA

Ert þú ekki búinn að afreka nóg í kvöld?

EYVINDUR

Allir í partí til mín. Ég á nóg að drekka.

HALLA

Eyvindur!!!

EYVINDUR

Hvar er stelpan? Ég vil fá hana með í partíið.

Eitt bros - getur dimmu í dagsljós breytt
sem dropi breytir veig heillar skálar
Þel getur snúist við atorð eitt
Aðgát skal höfð í nærveru sálar..

HALLA fer.

ÓLÖF

Spiliði! Andskotinn hafi það. Spiliði. Það á að vera fjör. Fólk á að skemmta sér.

SVENNI

Fólk? Hvaða andskotans fólk ertu að tala um?

GEDDI

Erum við ekki fólk?

GÓGÓ rís úr dái

Hver segir að ég sé ekki fólk? Víst er ég fólk! (*syngur*)

Á djúp er lagt - drekkja skal sorg
að dýrðarströndum rekur mitt fley
Afdrep hlýt ég - lít ég örugga borg
Eg drekk í nótt á morgun ég dey

EYVINDUR

Lífsins far er lekt eins og hrip
langt er siglt og leiðin ei greið
Boðaföllin sífellt brjóta mitt skip
báran mig hrekur af réttri leið

MARÍA

Leiksins áhrif þau eru að loft hefur hreyfst

ALLIR

Viljum við svar?

MARÍA

Allt er orðið öðruvísn það var
en þó er eins og það haf'ekkert breyst

GEDDI

Þetta var bara venjulegt kvöld
vikulok á reykvískum bar

ALLIR

Griðastaður - tíð er gráleit og köld -
gott var að drekkja óttanum þar

GEDDI

Ljúkið drykk! - ljósin ég slekk
loka staðnum - allt verður hljótt

ALLIR

Rís nýr dagur ræðst með hverjum ég drekk
rétt eins og skip sem mætast um nótt

KÓR

Ákaft er leitað og lífið er endalaus spurn
Fáum við svar?

Strandaglópar bíða þess að fá far
fjöreggi kasta með örþunnri skurn

TJALDIÐ